

ÁRSSKÝRSLA 2023-2024

- fyrir aðalfund -

Reykjavík 22. febrúar 2024

**Hagsmunasamtök
Heimilanna**

-Stöndum vörð um heimilin sem grunnstoð samfélagsins



www.heimilin.is - heimilin@heimilin.is

16. aðalfundur Hagsmunasamtaka heimilanna 2024

Haldinn í húsnæði ÖBÍ (Mannréttindahúsinu), Sigtúni 42, Reykjavík, 22. febrúar kl. 20:00

DAGSKRÁ AÐALFUNDAR

- Skipun fundarstjóra, ritara, og fundarsetning
- Skýrsla stjórnar: Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formaður
- Reikningar samtakanna: Sigríður Örlygsdóttir, gjaldkeri
- Tillaga stjórnar um ákvörðun félagsgjalda
- Tillögur um breytingar á samþykktum
- Kosning stjórnarmanna
- Kosning varamanna
- Kosning skoðunarmanna
- Önnur mál

FRÁFARANDI STJÓRN 2023-2024

Aðalstjórn: Ásthildur Lóa Þórsdóttir (formaður), Guðmundur Ásgeirsson (varaformaður), Sigríður Örlygsdóttir (gjaldkeri), Guðrún Bryndís Harðardóttir (ritari), Guðmundur Hrafn Arngrímsson (meðstjórnandi).

Varastjórn: Hafþór Ólafsson, Stefán Viðar Egilsson, Ólöf Pálína Úlfarsdóttir, Björn Kristjánsson Kolbrúnarson, Ragnar Unnarsson.

TILLAGA UM FÉLAGSGJÖLD 2024

Stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna leggur til að félagsgjöld 2024 verði 5.900 krónur.

SKÝRSLA STJÓRNAR 2024

Skýrsla stjórnar fimmtánda starfsár Hagsmunasamtaka heimilanna, 24. febrúar 2023 til 22. febrúar 2024, fyrir 16. aðalfund samtakanna, 22. febrúar 2024.

Ávarp formanns

Ágætu félagsmenn,

Þetta hefur um margt verið erfitt ár. Ástandið í þjóðfélaginu hefur ekki farið fram hjá neinum og þau okkar sem stöndum í stafni við að verja heimilin gegn ofurvaldi bankanna, höfum ekki náð að stemma stigu við gríðarlegum vaxtahækkunum.

Persónulega hef ég tekið það nærri mér og ég býst við að það eigi við um fleiri.

Við höfum barist fyrir hagsmunum heimilanna og réttindum neytenda á fjármálamarkaði í 15 ár og þrátt fyrir alla þessa baráttu, og allt sem hefur átt sér stað á þessum árum, snýst alltaf allt um peningaöflin og fjármálafyrirtækin og hagsmuni þeirra.

Ég hef kallað þetta ofbeldi gegn heimilunum.

Mörgum finnst það of djúpt í árinna tekið, en ofbeldi er ekki bara líkamlegt og ég get ekki séð að heimilin eigi meiri möguleika en einstaklingur sem ógnað er í húsasundi með orðunum „peningana eða lífið“.

Það er verið að stela lífinu af fólki. Þó peningar séu svo sannarlega ekki allt, er það líka staðreynd að þeir skipta gríðarlega miklu máli og þegar fjárhagsleg velferð hverfur, þá hverfa ansi mikil lífsgæði um leið.

Þegar allar forsendur heimilanna fyrir fjárhagslegum ákvörðunum sínum eru fagnar út í veður og vind, og þeim er gert með valdboði að afhenda fjármálastofnunum hundruð þúsunda aukalega í hverjum mánuði, því annars hafi þau verra af, þá er um ofbeldi að ræða.

Heimilin eru varnarlaus gagnvart þessu. Þau eiga ekkert val og mörg þeirra munu aldrei ná sér að fullu.

Þannig að þetta er ofbeldi. Fjárhagslegt ofbeldi.

Ég ætla ekki að ræða lengi hér hvernig verið er að reka fólk yfir í verðtryggð lán og hvaða áhrif það muni hafa til framtíðar, eða misvísandi svör Seðlabankastjóra varðandi aðgerðir hans og áhrif þeirra, því þá tæki þessi ræða allt kvöldið, en ég ætla samt að endurtaka það sem ég hef margoft sagt:

Aðgerðir Seðlabankans eru mikið verri en verðbólgan sjálf og með þeim er hann að búa til óþarfa kreppu til langrar framtíðar.

Hagsmunasamtök heimilanna áttu 15 ára afmæli þann 15. janúar.

Við héldum ekki upp á það þá og ekki hefur verið ákveðið hvernig eða hvort þess verði sérstaklega minnst á þessu ári.

Þegar samtökin urðu 10 ára 2019 héldum við myndarlega upp á það 6. október það ár. Það er því ekki ólíklegt að ef ákveðið verði að minnast þessara tímamóta með einhverjum hætti miðist það við þá dagsetningu, en sú ákvörðun bíður nýrrar stjórnar.

En hvað hefur áunnist á þessum árum?

Mín skoðun er sú að mjög margt hafi áunnist, en að fæst af því sé auðveldlega mælanlegt.

Ég held að Hagsmunasamtök heimilanna hafi breytt umræðunni og viðhorfum fólks til bankanna og hagnaðar þeirra.

Ég held að við höfum haft gríðarleg áhrif á almenningssálitið og átt stóran þátt í að svipta hulunni af fjármálakerfinu og valdinu sem þar býr.

Þetta hefur ekki átt sér ekki stað í einu vetfangi, heldur smátt og smátt, því dropinn holar steininn.

Við sem nú erum í stjórn samtakanna stöndum á herðum fyrri stjórnarmanna. Hvert og eitt þeirra undirbjó jarðveginn fyrir okkur sem á eftir komum.

Þann 9. september 2019 skrifuðum við Ragnar Þór Ingólfsson grein um hagnað bankanna, undir yfirskriftinni „Hvaðan komu 650 þúsund milljónir?“.

Án þess að hafa lagst í miklar rannsóknir, þá held ég að þetta hafi verið í fyrsta skiptið sem hagnaður bankanna var settur fram með þessum hætti og í samhengi við hversu mikið hvert einasta mannsbarn í þjóðfélaginu hafði að meðaltali lagt til þeirra.

Núna er algengt að sjá alls konar fólk gagnrýna hagnað bankanna sem lengi framan af, jafnvel allt fram að þessari grein, hafði aðallega verið rætt um af óttablandinni aðdáun.

Eitt skýrasta dæmið um áhrif samtakanna fannst mér koma í ljós síðasta haust þegar bankarnir kynntu sitt fyrsta „tilboð“ til Grindvíkinga, þar sem þeim var boðið að frysta lánin en láta vexti og verðbætur leggjast við höfuðstólinn.

Í kjölfar bankahrunsins voru tilboð bankanna í þessum dúr og þá var um þau rætt algjörlega gagnrýnislaust, jafnvel af aðdáun, og þau þóttu lýsa vilja bankanna til að hjálpa skuldurum í vanda.

En núna, 15 árum síðar, komust bankarnir ekki upp með neinn svona moðreyk. Þeir voru gjörsamlega jarðaðir á samfélagsmiðlum og í fjölmiðlum.

Fólk sá í gegnum þá og ég held að þarna hafi bankarnir misreiknað andrúmsloftið fyrir utan bergmálshellinn sinn og talið að þeir myndu, eins og áður, komast upp með þetta.

Hagsmunasamtök heimilanna, ásamt handfylli af góðu fólki, hafa haldið þessari umræðu við og þó kerfið vilji helst ekki gefa neitt eftir, þá höfum við náð almenningsálitinu á okkar band.

Þó baráttan fyrir réttindum neytenda gegn ofurvaldi fjármálakerfisins, sé eins og að brjóta múrvegg með skeið, þá erum við farin að sjá sprungur og það eina sem við megum ekki gera er að hætta og gefast upp!

Dropinn holar svo sannarlega steininn og þetta er langhlaup.

Matthildur, okkar góði starfsmaður, tók saman starfsárið í megindráttum og mun ég nú fara yfir það.

Starfsárið í megindráttum

Starfsemi Hagsmunasamtaka heimilanna árið 2023 var að miklu leyti lituð af opinberum mótmælum og gagnrýni á sinnuleysi stjórnvalda gagnvart kjaraskerðingu almennings. Húsnæðismál, hriðversnandi lánskjör og skilyrði til íbúðakaupa hafa verið stjórnarmönnum samtakanna efst í huga á árinu. Samtökin stóðu fyrir tveimur útifundum við Austurvöll í maí og júní, þremur félagsfundum og opnum umræðufundi fyrir almenning í Iðnó í febrúarlök undir yfirskriftinni *Heimilin í fyrsta sæti*. **Í þeim orðum felst sú afstaða og áskorun um að í stefnumörkun stjórnvalda eigi heimilin ávallt að vera í fyrsta sæti.** Stefnumörkun í efnahagsmálum hefur ekki mætt þeirri réttmætu kröfu. Nýleg rannsókn tveggja prófessora í félagsfræði við Háskóla Íslands fjallar um gjá sem hefur myndast í samfélaginu og í niðurstöðum hennar koma í ljós tengsl á milli trausts til stjórnvalda og kaupmáttar almennings. Eignafólk á Íslandi hefur meira traust til stjórnvalda en annað fólk síður. Gjá er því á milli hópa í viðhorfi og trausti til stjórnvalda samkvæmt þessari rannsókn.

Laugardaginn 7. október 2023 stóðu samtökin fyrir félagsfundi og buðu fyrrverandi stjórnarmenn sérstaklega velkomna. Tilefnið var að fimmtán ár voru þá liðin frá gjaldþroti bankanna í október 2008. Tilefnið var ekki síður að minnast þeirra 15.000 heimila sem voru fórnarkostnaður efnahagshrunsins. Miklar hækkunar á greiðslubyrði lána síðustu misseri og aðdragandi þeirra hækkana hafa óneitanlega minnt á stökkbreytingar lána í efnahagshruninu. Eftir tímabil óvissu og endurtekinna hækkana stýrivaxta hafa verðtryggð lán nú enn og aftur tekið yfir sem algengasta lánsform heimilanna í íbúðarkaupum. Það er gríðarlegt bakslag fyrir almenning, á meðan bankarnir hafa aukið hagnað sinn sem aldrei fyrr, í þessu árferði.

Útifundirnir við Austurvöll voru haldnir í samvinnu við Ragnar Þór Ingólfsson formann VR, Guðmund Hrafn Arngrímsson formann Samtaka leigjenda og seinni fundurinn var einnig í samstarfi við formann Landsambands eldri borgara. **Meginmarkmiðið var að mótmæla þeirri stöðu sem var uppi í efnahagsmálum og sinnuleysi stjórnvalda.** Um fjögur hundruð manns sóttu hvorn fundinn um sig og voru undirtektir þeirra mjög góðar. Kröftugar framsögur voru einnig fluttar á umræðufundi HH um stöðu heimilanna í Iðnó, fyrr á árinu en fundurinn var tekinn upp og er aðgengilegur á vef samtakanna. Samvinna við verkalýðsforkólfa í gagnrýnni orðræðu um áhrif stýrivaxtahækkana á lífskjör almennings var því liður í starfi Hagsmunasamtaka heimilanna á árinu, bæði á þessum fundum og á öðrum vettvangi. Formaður stjórnar, Ásthildur Lóa Þórsdóttir hélt áfram að skrifa gagnrýnar greinar um stöðu mála, sumar með Ragnari Þór Ingólfssyni, meðal annars um Íslandsbankamálið og í sameiningu kröfðust þau uppsagnar seðlabankastjóra í nóvember 2023.

Aðsendar greinar þeirra vekja jafnan athygli og umræðu en þær hafa oftast verið birtar á vefmiðlinum Vísi undir fyrirsögnum á borð við „*Sami skíturinn í aðeins finni skál*“, „*Bankaránið mikla*“ og „*Við krefjumst uppsagnar seðlabankastjóra!*“ svo dæmi séu nefnd. Á Alþingi hefur þingkonan Ásthildur Lóa Þórsdóttir einnig kallað eftir aðgerðum vegna hækkana á greiðslubyrði lána og í málefnum Grindvíkinga.

Formaður samtaka leigjenda kom nýr inn í stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna í fyrra, enda á hagsmunabarátta lántakenda og leigjenda margt sameiginlegt. Baráttumál beggja samtaka snúast um mannsæmandi lífsskilyrði fyrir almenning og húsnæðisöryggi. Stjórn samtakanna tók þátt í ýmsum viðburðum á árinu og einn þeirra var kröfuganga verkalyðsins þann 1. maí, í samvinnu við Samtök leigjenda. Þar var gengið með sameiginlega fána samtakanna beggja undir yfirskriftinni: ***Húsnæðisöryggi fyrir alla og Heimilin eiga að vera friðhelg.***

Á vefsíðu samtakanna er fjallað um ýmsar tilkynningar stjórnar og annað á döfinni í starfsemi samtakanna. Félagsmenn geta kynnt sér og lesið fréttir frá árinu 2023 á vefsíðu samtakanna undir liðnum á döfinni/fréttir af samtökunum, en sem dæmi má nefna:

22. febrúar: *Áhrif vaxtahækkana - ákall til fjármálastofnana* (Stýrivaxtahækkanir)

23. ágúst: *Ekkert réttlætir sífelldar árásir á heimilin* (Stýrivaxtahækkanir)

19. september: *Verðtryggt lán eða vanskil?* (Stýrivaxtahækkanir)

20. október: *Afneitun og hvítþvottur* (Heimildarmynd um efnahagshrunið)

21. nóvember: *Mótmælum stafrænum nauðungarsölum* (Frumvarp dómsmálaráðherra)

4. desember: *Vegna uppfærslu á lánshæfismati Creditinfo* (Áskorun til Persónuverndar)

7. desember: *Greiðslubak á óverðtryggðum íbúðalánum* (Fræðsla um greiðslu- og vaxtagreiðslubak).

Uppbygging á rekstri og starfsemi óháðrar ráðgjafarþjónustu á fjármálamarkaði gengur vel og fulltrúar samtakanna þreystast ekki á því að leita hófanna um stuðning við hagsmuna- og réttindagæslu lántakenda á Íslandi. Þjónustusamningur við Menningar- og viðskiptaráðuneytið fyrir hagsmunagæslu félagsmanna og óháða ráðgjafarþjónustu samtakanna var endurnýjaður 2023. Fjárstuðningur ráðuneytis neytendamála er þó óverulegur og því er einnig sótt árlega um styrk hjá Félagsmála- og vinnumarkaðsráðuneytinu, en það ráðuneyti hefur einnig stutt dyggilega við ráðgjafarþjónustu samtakanna síðastliðin ár. Starfsmaður í ráðgjöf hefur nú starfað á vegum samtakanna í eitt ár með góðum árangri. Fyrirspurnir og aðstoð við félagsmenn voru rúmlega fjögur hundruð talsins á árinu 2023. Í sumum tilvikum er um að ræða einfaldar fyrirspurnir og svör við þeim, önnur málefni félagsmanna eru umfangsmeiri og krefjast umtalsverðar eftirfylgni. Fjölbreytni mála eykst í takt við aukinn fjölda fyrirspurna.

Á árinu fluttu samtökin skrifstofu sína í Mannréttindahús ÖBÍ við Sigtún í Reykjavík.

Fundir

Samtökin stóðu fyrir þremur félagsfundum á árinu og skipulögðu tvenn mótmæli við Austurvöll. Mótmælin við Austurvöll voru haldin 13. maí og 10. júní. Opinn umræðufundur um málefni

heimilanna var einnig haldinn 28. febrúar í lðnó undir yfirskriftinni *Heimilin í fyrsta sæti*. Tveir opnir spjallfundir voru síðan haldnir fyrir félagsmenn um efnahagsmál og hækkandi greiðslubyrði lána. Í október héldu samtökin síðan félagsfund í tilefni þess að 15 ár voru frá efnahagshruni undir yfirskriftinni **Munum 15.000 heimilin - Er sagan að endurtaka sig?**

Á liðnu ári voru fulltrúar samtakanna fjórum sinnum gestir á fundum þingnefnda vegna umsagna um frumvörp og þingmál, þar á meðal um húsnæðismál og greiðsluaðlögun. **Fulltrúar samtakanna áttu fund með félags- og vinnumarkaðsráðherra um málefni lántakenda í desember 2023.** Þau áttu einnig fund með lykilstjórnendum nýja sparisjóðsins Indó um málefni lántakenda. Ráðgjafi samtakanna var fulltrúi í vinnuhópi menningar- og viðskiptaráðuneytisins um greiningu á þóknunum og gjaldtöku viðskiptabankanna. Samtökin áttu einnig fund með fangelsismálastjóra í febrúar 2024 um óháða ráðgjafarþjónustu samtakanna og í sama mánuði kynntu þau starfsemi samtakanna á viðburði Félagsmála- og vinnumarkaðsráðuneytisins fyrir ýmis félagasamtök og styrkþega ráðuneytisins.

Stjórn samtakanna hélt **10 stjórnarfundir** frá síðasta aðalfundi og tvo aukafundi.

Umsagnir og erindi

Á starfsárinu sendu samtökin frá sér **38 umsagnir** til Alþingis og stjórnvalda. Þau sendu Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu erindi og greinargerð vegna styrks ráðuneytisins við starfsemi samtakanna og Menningar- viðskiptaráðuneytinu umsókn um áframhaldandi samvinnu, ásamt greinargerð um markmið og starfsemi ráðgjafarþjónustu samtakanna.

Fjölmiðlar, samfélagsmiðlar og félagsmenn

Samtökin sendu frá sér **10 fréttatilkynningar** á liðnu ári. Viðtöl við fulltrúa HH og fréttir af samtökunum voru fjölmörg en fulltrúar samtakanna, umsagnir eða samtökin sjálf komu við sögu með einum og öðrum hætti í fjölmiðlum a.m.k. **176 sinnum**. Umfjöllun hefur aldrei verið meiri frá því að byrjað var að halda utan um hana sérstaklega.

Samtökin halda úti síðu á Facebook undir nafni samtakanna með 11.400 meðlimum og miðla þar efni til félagsmanna og annarra í þeim hópi. Jafnframt sendu samtökin félagsmönnum **8 tilkynningar og fréttabréf** á síðasta starfsári.

Lokaorð

Nú þegar ég hef stiklað á stóru yfir helstu verk samtakanna á árinu ásamt hugleiðingum um stöðu mála langar mig að fjalla aðeins um ráðgjafarþjónustu samtakanna ásamt því að skoða aðeins stöðuna eins og hún blasir við okkur í dag.

Fyrir rúmu ári réðum við Kristínu Helgadóttur til starfa og reyndist það mikið heillaspor.

Við höfum þannig eftir ráðgjafahlutverk samtakanna og ég leyfi mér að fullyrða að fólk fái varla betri ráðgjöf eða leiðbeiningar í fjármálum en hjá Hagsmunasamtökum heimilanna undir handleiðslu Kristínar.

Kristín hefur sinnt rúmlega 400 málum og á eftir skýrslu stjórnar í ársskýrslunni má finna stutta umfjöllun um ráðgjöfina og nokkur dæmi um úrslausn mála þar.

Það er mikil þörf á að efla ráðgjafarþónustu samtakanna, ekki síst þegar biðtíminn hjá ríkisstofnuninni Umboðsmanni skuldara er 6 – 12 mánuðir, áður en yfir höfuð kemur í ljós hvort einhver aðstoð fæst eða hvort beiðni um hana sé hafnað.

Hagsmunasamtök heimilanna taka við öllum sem þangað leita og þar líða í mesta lagi nokkrir dagar þar til erindi er svarað.

Það er gríðarleg þörf á þessari þjónustu okkar og hana viljum við efla eins mikið og kostur er.

Þar standa fjármál okkur fyrst og fremst fyrir þrifum.

Í grófum dráttum má segja að félagsgjöldin okkar standi undir hálfum starfsmanni, húsaleigu fyrir skrifstofu og öðrum rekstrarkostnaði.

Á hverju ári þurfum við að sækja um styrki frá hinu opinbera og þeir hafa aðallega komið frá einstökum ráðherrum, líkt og í síðustu viku þegar ég tók við styrk upp á fjórar milljónir frá félags- og vinnumarkaðsráðherra.

Einnig eigum við von á fleiri styrkjum sem munu fleyta okkur yfir þetta ár, en helst þyrftum við að fá föst framlög á hverju ári, og þau þurfa a.m.k. að duga fyrir einum starfsmanni.

10 milljónir á ári myndu duga fyrir Hagsmunasamtökin og það er ekki há upphæð í heildarsamhengi hlutanna, þó auðvitað væri hægt að gera enn betur fyrir meira fé.

Með styrknum sem við fengum í síðustu viku, höfum við samtals fengið um 40 milljónir frá ríkinu á 15 árum, eða að meðaltali 2,7 milljónir á ári.

Þar munar mest um þann hæsta styrk sem höfum nokkurn tímann fengið í janúar 2021, þegar þáverandi félagsmálaráðherra afhenti okkur 10 milljónir.

Sá styrkur gerði okkur kleift að taka stökkið og ráða Kristínu Helgadóttur í fullt starf sem var mikið gæfuspor.

Kannski hljóma 40 milljónir eins og mikið fyrir sumum, en þegar þær hafa komið á 15 árum er það ekki há fjárhæð.

Ekki síst þegar litið er til þess að framlög til embættis Umboðsmanns skuldara á sama tímabili voru komin í samtals 6 milljarða árið 2020.

Embættið hafði þannig fengið um 600 milljónir á hverju ári á meðan framlög til okkar voru örfáar milljónir á ári.

Það er vert að halda þessu til haga, ekki síst þegar tölur sýna að við með okkar fáu en einstöku starfsmenn, höfum aðstoðað álíka marga einstaklinga og Umboðsmaður skuldara.

Það verður í höndum nýrrar stjórnar að finna nýjar leiðir til fjáröflunar.

Við viljum helst ekki þurfa að taka gjald fyrir aðstoð okkar við fólk í fjárhagslegum vanda, en gætum neyðst til þess, verði ekki eitthvað að gert.

Fráfarandi stjórn hefur rætt ýmsar hugmyndir og er þegar byrjuð að hrinda nokkrum þeirra í framkvæmd. Ég geri fastlega ráð fyrir að ný stjórn muni halda þeirri vinnu áfram og væntanlega gefa nokkuð í.

Ég vil að lokum þakka fráfarandi stjórn fyrir góð störf.

Flestir stjórnarmenn gefa kost á sér á ný, nema Stefán Viðar Egilsson. Við þökkum honum kærlega fyrir hans framlag til samtakanna.

Einnig vil ég þakka okkar frábæru starfsmönnum, Matthildi og Kristínu, sem hvor á sinn hátt, halda utan um starfið og ráðgjöfina og eru báðar einstaklega jákvæðar, duglegar og búngóðar. Við gætum ekki verið heppnari með starfsfólk.

Á þessum tímum er því miður meiri þörf fyrir starfsemi, baráttu og þjónustu samtakanna, en verið hefur í langan tíma.

Það er miður því eins og við höfum oft sagt, er okkar heitasta ósk sú að við byggjum í þjóðfélagi þar sem ekki væri þörf fyrir okkur.

En þess í stað eykst sú þörf stöðugt í stað þess að minnka.

Það er því margt framundan og í lok þessa starfsárs er ég eins og alltaf, gríðarlega stolt af starfi Hagsmunasamtaka heimilanna, þeim gildum sem þau standa fyrir og öllu því góða starfi sem þau vinna.

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formaður

Greinargerð um ráðgjafarþjónustu

Óháð ráðgjafarþjónusta á fjármálamarkaði fyrir heimilin

Frá því að ráðgjafarþjónusta Hagsmunasamtakanna (HH) fór af stað af fullum krafti hefur ráðgjafi samtakanna sinnt hátt á fimmta hundrað málum. Eitt af því sem komið hefur ráðgjafa á óvart þrátt fyrir viðamikla reynslu hennar er að mikið er enn leitað til samtakanna vegna mála sem eiga uppruna sinn í fjármálahruninu 2008 og eftirleik þess. Innheimta er búin að missa alla mannlega eiginleika sökum þess að hún hefur færst nær alfarið til milliinnheimtufyrirtækja og með því hefur hvergi verið neina hjálp að fá fyrir þessa aðila. Kröfuhafar eru farnar að gera árangurslaus fjárnám á fjárnám ofan og lengja þannig ítrekað í fyrningarfresti. Biðtími hjá UMS er 6-12 mánuðir og á þeim tíma sem beðið er, er enginn frestur og engin sérstök aðstoð. Ef viðkomandi missir allt úr höndunum á meðan beðið eftir að komast að er stór möguleiki á að greiðsluaðlögunarumleitunum verði synjað á þeim forsendum að viðkomandi hafi komið sér vísitandi í þessa aðstöðu. Flestir þurfa aðstoðina strax að einhverju leyti og það er það sem við bjóðum upp á.

Þörfin á hlutlausri, óháðri og lausnamiðaðri ráðgjöf er mikil. Skuldarar eru almennt að fá misvísandi upplýsingar frá sínum fjármálastofnunum eða synjanir hjá UMS áður en þeir koma til okkar. Margir þurfa aðstoð við það að enn er verið að innheimta þegar fyrndar skuldir og hafa ekki fengið þær felldar niður, sem hefði átt að gerast sjálfkrafa við fyrningu. Það eru margir sem þurfa aðstoð vegna hækkandi greiðslubyrðar á íbúðalánum sínum og aukinnar skuldsetningar þar sem ráðgjafar hjá þeirra fjármálastofnunum hafa ekki sinnt sinni lögbundinni skyldu að aðstoða eftir bestu getu. Við höfum tekið við og sinnum fólki á lausnamiðaðan en hlutlausan hátt ásamt mörgum öðrum verkefnum eins og sjá má hér að neðan á nokkrum raundæmum frá ráðgjafa okkar.

Dæmi 1 - Vanskil eftir fráfall maka

Kona ein er verktaki, hárgreiðslukona, hún hefur átt nokkuð erfitt með tekjur eftir veikindi Covid og missi maka. Hún er ekkja, missti manninn sinn fyrir nokkru og situr eftir í eign þeirra hjóna. Á eign hennar eru áhvílandi um 28 m.kr. Fasteignamat er um 99 m.kr. Lánshæfismat hennar er B1. Það eina sem hún er með í vanskilum er skuldbinding hjá Ríkisskattstjóra, álagning um 600.000 kr. Hún óskaði eftir aðstoð sinnar fjármálastofnunar að taka saman allar skuldbindingar í fasteignalán. Þá færi lán í 33 m.kr. sem er um 33% veðsetningarhlutfall. Fjármálastofnun hennar synjar henni vegna 35% geiðslubyrðarhlutfalls. Hún leitar þá til UMS sem segir ekkert hægt að gera og hún verði að selja eign sína. Það er ekki á konuna leggjandi að missa eignina eftir að ganga í gegnum það að missa maka sinn fyrir stuttu. Ráðgjafi Hagsmunasamtakanna sér strax að það er vel hægt að koma þessu í lag og setur upp áætlun. Frysting íbúðaláns í 6 mánuði á meðan hún vinnur upp tekjur og greiðir skuld hjá RSK. Þá sé hægt að endurfjármagna hjá henni eftir það og hún getur haldið húsinu. Ráðgjafi hafði samband við tengilið sinn hjá Íslandsbanka sem lagði þetta fyrir lánanefnd og var þetta samþykkt. Leitað var til Hagsmunasamtaka heimilanna í ágúst 22. Eftir að hafa farið yfir málið og eftir umleitanir ráðgjafa samþykkti kröfuhafi að frysta lán hennar og endurfjármagna að lokum. Máli lokað í mars 2023.

Dæmi 2 - Eftirmálar hrunsins #1

Hjón missa eign vegna atvinnumissis og veikinda eftir hrun. Ferlið byrjar árið 2008 þegar þau leita til UMS, þar fá þau ekki svar fyrr en árið 2010 sem er þá synjun og vextir og dráttarvextir bætast við kröfuna. Þá tekur við nauðungarsöluliferli og var eignin seld árið 2014 á undirverði en eftir stóðu um 13 m.kr. hjá Íslandsbanka. Bankinn gerir aftur árangurslaust fjárnám árið 2017 til að lengja í fyrningu. Leitað var til Hagsmunasamtaka heimilanna í júlí 2023. Eftir að hafa farið yfir málið og eftir umleitanir ráðgjafa samþykkti kröfuhafi að fella niður innheimtu og að eftirstöðvar yrðu látnar falla niður. Máli lokað í október 2023. Kaupsamningur samþykktur í febrúar 2024.

Dæmi 3 - Eftirmálar hrunsins #2

Hjón fá samþykktan nauðasamning til greiðsluaðlögunar fyrir héraðsdómi árið 2010 á grundvelli laga um gjaldþrotaskipti. Þegar innköllun var birt í lögbirtingablaði lýsti Landsbankinn ekki kröfu sinni og var því ekki fjallað sérstaklega um hana í nauðasamningnum. Samkvæmt honum áttu allar samningskröfur að falla niður að greiðsluaðlögunartímabili liðnu. Þau standa við samninginn og er allt annað fellt niður. Landsbankinn gengur að ábyrgðarmanni sem fær ábyrgð fellda niður því hann skrifaði ekki undir greiðslumat, sem var neikvætt. Við það fer innheimta aftur af stað á hjónin. Landsbankinn gerir árangurslaust fjárnám hjá þeim árið 2017 og við það framlengist fyrningarfræstur um 10 ár. Upphæð er bakreiknuð og fer úr 4,8 m.kr. í 25 m.kr. Leitað var til Hagsmunasamtaka heimilanna í mars 2023. Eftir að hafa farið yfir málið og eftir umleitanir ráðgjafa samþykkti kröfuhafi að fella niður innheimtu og að eftirstöðvar yrðu látnar falla niður. Máli lokað í sept 2023.

Dæmi 4 - Greiðsluferfiðleikar vegna tekjumissis

Kona leitar til HH. Hún á eign sem hún býr ekki í og er við það að missa eign í uppboðsferli þar sem hún fær hvergi aðstoð. Hún var búin að leita til bankans sem hún hefur alltaf verið í viðskiptum við en kom þar að lokuðum dyrum. Þá leitaði hún til UMS en þar var henni tjáð að það sé 6 mánaða bið. Hún hefur ekki sex mánuði. Hún er með skuldbindingar á nokkrum stöðum ásamt því að vera með mikið af ógreiddum öðrum reikningum en á eign umfram skuldir. Hún á um 10 m.kr. í eign sinni en veit ekki hvernig hún á að bera sig að í þessu. Ráðgjafi HH telur að það sé hægt að koma málum hennar í lag, en til þess að gera það þarf hún að setja eign sína á sölu og nota það sem kemur út úr sölnunni til þess að greiða niður allar skuldbindingar. Þó er ekki hægt að fara í það ferli fyrr en allir kröfuhafar samþykkja frest í 3-6 mánuði. Fenginn var frestur með miklum semingi fjármálastofnunar hennar. Eign var seld og bíður hún nú eftir að fá greitt fyrir hana. Þegar það gerist þá mun hún greiða allar skuldbindingar upp með aðstoð ráðgjafa HH og eiga eftir um 4,5 m.kr. sjálf. Staðan var þannig að hún hefði misst eign sína án þess að fá krónu í sinn hlut og setið eftir með 6 m.kr. í ótryggðum skuldbindingum sem hún hefði ekki ráðið við. Leitað var til Hagsmunasamtaka heimilanna í september 2023. Máli verður lokið í mars 2024.

Dæmi 5 – Aðstoð við að greiða upp gamlar kröfur

Aðili hefur samband vegna kröfu sem er stutt í fyrningu. Hann hefur hug á að koma henni í skil en vextir og dráttarvextir eru um 1,5 m.kr. og höfuðstóll kröfu er 2 m.kr. Ráðgjafi aðstoðar með samskipti við Motus þar sem hann óskaði eftir að fá að greiða sem nemur höfuðstól til að koma sér í lag. Mikið lá við að geta komið sér í lag þar sem slakt lánshæfismat gerði það að verkum að hann fékk hvergi samþykka leiguíbúð. Öllum tilburðum skuldara til þess að reyna að gera upp málið hafði áður verið synjað. Umleitanir ráðgjafa gerðu það að verkum að samþykkt var að hann fengi að greiða upp skuldbindingu sem nam höfuðstól. Lánshæfismat komst því á þann stað sem þurfti til þess að hann fengi leiguíbúð.

Samantekt

Verkefni sem berast Hagsmunasamtökum heimilanna eru mjög fjölbreytt. Hækkandi greiðslubyrði íbúðalána, ráðgjöf um lánsform, aðstoð við að lesa úr greiðsluseðlum og finna bestu kjörin sem henta, rangt reiknuð lánshæfismöt, kröfuvaktarmál, fyrningar krafna, óuppgerð hrunmál, eftirstöðvar sem sitja eftir nauðungarsölur, ráðgjöf vegna hlutdeildarlána, fræðsla og aðstoð í greiðsluerfiðleikum, o.m.fl. Einnig hafa starfsmenn HH útbúið fræðsluefni um neytendavernd á fjármálamarkaði auk fræðslupunkta til þess að auka þekkingu neytenda og er námskeiðsefni í vinnslu, um það hvað skal gera þegar greiðsluvandi bankar upp á.

Ráðgjafi HH er búin að vinna í því að mynda tengingar við þær stofnanir sem geta styrkt ráðgjöf og aðstoð í greiðsluerfiðleikamálum. **Búið er að mynda tengingar við Kjarahóp ÖBÍ, Atvinnuleysistryggingasjóð, Neytendasamtökin, Umboðsmann skuldara, Félagsmálastofnun í Hveragerði, fjármálastofnanir, Motus og Aur. Á dagskrá er að ná tengingu við VIRK, Menntasjóð námsmanna og Fangelsismálastofnun.**

Því miður er kerfið gallað fyrir stóran hóp fólks sem þarf á því að halda. Sá hópur veit oft á tíðum ekki hvert skal leita og þarf aðstoð við að finna sína leið þar sem þau koma oft á tíðum að öllum dyrum lokuðum. Það er almennt samnefnari þess að fólk hafi leitað til ráðgjafarþjónustu Hagsmunasamtaka heimilanna sem mikil þörf er fyrir.

ANNÁLL STJÓRNAR 2023-2024

23.02.2023 Aðalfundur Hagsmunasamtaka heimilanna 2023

- 24.02.2023 RÚV tekur viðtal við ráðgjafa samtakanna um fréttatilkynningu samtakanna - *Ákall til fjármálastofnana*
- 25.02.2023 Fréttablaðið fjallar um svar við fyrirspurn Ásthildar Lóu Þórsdóttur á Alþingi um árangurslaus fjárnám
- 26.02.2023 Í kvöldfréttum RÚV er fjallað um ákall samtakanna til bankanna og tekið viðtal við ráðgjafa samtakanna
- 26.02.2023 HH senda félagsmönnum tilkynningu um opinn fund í lðnó á vegum samtakanna - *Heimilin í fyrsta sæti*
- 27.02.2023 HH senda fjölmiðlum fréttatilkynningu um umræðufund um málefni heimilanna - *Heimilin í fyrsta sæti*
- 28.02.2023 Formaður HH í viðtali í Bítinu - *Fólkið sem á að verja heimilin er ekki að velja heimilin*
- 28.02.2023 Útvarp Saga fjallar um fund HH í lðnó - *Boðað til umræðufundar um stöðu heimilanna*

28.02.2023 HH halda opinn umræðufund um málefni heimilanna í lðnó - Heimilin í fyrsta sæti

- 28.02.2023 RÚV tekur viðtal við Ásthildi Lóu Þórsdóttur í umfjöllun sinni í kvöldfréttum um verðbólguna og aðgerðir
- 28.02.2023 Visir.is fjallar um umræðufund HH í lðnó og fyrirhugað viðtal við formenn HH og VR í fréttum Stöðvar 2
- 28.02.2023 Formenn HH og VR í viðtali frá lðnó í fréttum Stöðvar 2 - Eftir umfjöllun um verðbólguna og viðtal við BB
- 28.02.2023 Visir.is fjallar um umræðufund HH í lðnó - *Loforð stjórnvalda og atvinnulífsins hafi verið svikin*
- 28.02.2023 Visir.is fjallar um hækkanir húsnæðislána og byggir á útreikningi frá Hagsmunasamtökum heimilanna
- 28.02.2023 Fréttablaðið fjallar um fund HH - *Nauðsynlegt að heimilin stígi fram og segi „hingað og ekki lengra“*
- 28.02.2023 Viðtal við formann VR á Samstöðinni um verðbólguna og þátttöku hans í umræðufundinum með HH í lðnó
- 01.03.2023 Hagsmunasamtök heimilanna flytja skrifstofu sína í Mannréttindahús ÖBÍ að Sigtúni 42
- 01.03.2023 Viðskiptablaðið fjallar um Hagsmunasamtök heimilanna - *Ríkisstyrkt barátta gegn verðtryggingu*
- 02.03.2023 Viðskiptablaðið birtir á vef sínum útdrátt úr umfjöllun um HH - *Ríkisstyrkt herferð gegn verðtryggingunni*
- 03.03.2023 Fréttatíminn fjallar um viðtal við starfsmann HH í Stundinni í september - *Fátæktargildra verðtryggðra lána*
- 03.03.2023 Viðskiptablaðið heldur áfram umfjöllun sinni um HH - *Sakar bankana um landráð í „málefnalegri baráttu“*
- 03.03.2023 Visir.is fjallar um skaðabótamál formanns HH og eiginmanns hennar vegna ólögmætrar nauðungarsölu
- 03.03.2023 Mbl.is fjallar um skaðabótamál formanns HH og eiginmanns hennar vegna ólögmætrar nauðungarsölu
- 03.03.2023 DV.is fjallar um skaðabótamál formanns HH og eiginmanns hennar vegna ólögmætrar nauðungarsölu
- 03.03.2023 RUV.is fjallar um skaðabótamál formanns HH og eiginmanns hennar vegna ólögmætrar nauðungarsölu
- 03.03.2023 Frettabladid.is fjallar um skaðabótamál formanns HH og eiginmanns vegna ólögmætrar nauðungarsölu
- 03.03.2023 Viðtal við formann HH í hádegisfréttum Bylgjunnar um skaðabótamál vegna ólögmætrar nauðungarsölu
- 03.03.2023 Viðtal við formann HH í Reykjavík síðdegis á Bylgjunni um skaðabótamál vegna ólögmætrar nauðungarsölu
- 04.03.2023 Viðskiptablaðið heldur áfram umfjöllun sinni um HH - *Vill að ríkið fjármagni aukin umsvif*
- 05.03.2023 Visir.is birtir aðsenda grein formanns HH - *VR eða VG?*
- 05.03.2023 Samstöðin fjallar um aðsenda grein formanns á Visir.is - *Ferill VG í húsnæðismálum er blóði drifinn*
- 06.03.2023 Fulltrúi HH sækir fund vinnuhóps um greiningu á þóknunum og gjalddöku viðskiptabankanna
- 07.03.2023 Visir.is birtir aðsenda grein formanns um húsnæðismál, VR og VG - *Um rógburð og ærumeiðingar*

08.03.2023 Stjórnarfundur HH nr. 3/2023

- 10.03.2023 HH senda fjölmiðlum fréttatilkynningu um niðurstöður aðalfundar 2023
- 10.03.2023 Frettin.is birtir fréttatilkynningu HH um niðurstöður aðalfundar 2023

- 13.03.2023 Fulltrúar HH eru viðstaddir afhendingu Félags- og vinnumarkaðsráðherra á styrkjum til félagasamtaka
- 13.03.2023 HH senda umsögn í samráðsgátt um framlengingu ráðstöfunar séreignarsparnaðar til húsnæðiskaupa
- 14.03.2023 Viðskiptablaðið heldur áfram að fjalla um HH - *Styrkir Hagsmunasamtök heimilanna og Samtök leigjenda*
- 14.03.2023 Hagsmunasamtök heimilanna kynna styrkveitingu - *Forvarnir fyrir heimilin alltaf en ekki síst í kreppum*
- 16.03.2023 HH fjalla um Viðskiptablaðið - *Ríkisstyrkt barátta fyrir hagsmunum fjármálamarkaðarins*
- 20.03.2023 HH senda umsögn í samráðsgátt um framlengingu ráðstöfunar séreignarsparnaðar til húsnæðiskaupa
- 22.03.2023 Fulltrúi HH sækja málþing kjarahóps ÖBÍ réttindasamtaka á Grand hóteli - *Satt og logið um öryrkja*
- 22.03.2023 Formaður HH í viðtali í Fréttavaktinni um tólftu stýrivaxtahækkunina og háa verðbólgu í landinu
- 22.03.2023 Fréttablaðið fjallar um viðtalið við formann í Fréttavaktinni um áhrif verðbólgu og vaxtahækkana á heimilin
- 23.03.2023 Hringbraut fjallar um viðtalið við formann HH - *Allir nefndarmenn hafa tengsl við fjármálageirann*
- 23.03.2023 RÚV fjallar um ummæli ÁLP í fréttum af Alþingi - *Ríkisstjórnin aðgerðalaus á hliðarlínunni*
- 23.03.2023 Mbl.is fjallar um gagnrýni formanns HH á Alþingi - *Mótmælir vaxtabrjálæði seðlabankans*
- 23.03.2023 Fréttablaðið fjallar um gagnrýni ÁLP á Alþingi - *Lægstu vextir í sögunni gufudu upp á andartaki*
- 23.03.2023 Morgunblaðið birtir aðsenda grein formanns HH - *Vaxtafíklar í seðlabankanum*
- 23.03.2023 Samstöðin fjallar um Morgunblaðsgrein formanns: *Seðlabankinn: Hann er ekki að vinna fyrir almennig*
- 24.03.2023 Blaðamaður Fréttablaðsins vísar til málflutnings formanns HH í grein um stöðu heimilanna
- 26.03.2023 Formenn HH og VR skrifa grein á Vísi um þrepaskiptan skyldusparnað - *Fáum peningana aftur heim*
- 26.03.2023 DV.is fjallar um grein formanna HH og VR um þrepaskiptan skyldusparnað
- 27.03.2023 Fjallað um grein formanna HH og VR á Bylgjunni í kynningu á viðtali við Ragnar Þór og Vilhjálm Birgisson
- 27.03.2023 Fjallað um þrepaskiptan skyldusparnað á Miðjunni: *Ásthildur Lóa og Ragnar Þór í ógöngum*
- 29.03.2023 Ráðgjafi samtakanna sendir fjármálastofnunum fyrirspurn varðandi endurtekin árangurslaus fjárnám
- 29.03.2023 Formaður HH í viðtali í Reykjavík síðdegis á Bylgjunni um tillögu um þrepaskiptan skyldusparnað
- 29.03.2023 Stjórnarfundur HH nr. 4/2023**
- 30.03.2023 Formaður HH á ummæli vikunnar í Viðskiptablaðinu - *Vaxtafíklar í seðlabankanum*
- 30.03.2023 Fulltrúar Hagsmunasamtaka heimilanna sækja ársfund Seðlabanka Íslands
- 01.04.2023 Morgunblaðið birtir pistil Ásthildar Lóu Þórsdóttur, formanns HH - *Komin tími á nýjar lausnir*
- 02.04.2023 Fréttatíminn fjallar um ræðu Ásthildar Lóu Þórsdóttur á Alþingi - *Svört skýrsla verðtryggingar fæst ekki birt*
- 03.04.2023 HH senda Alþingi umsögn um þingsályktunartillögu um eignarrétt og erfð lífeyris
- 03.04.2023 HH senda Alþingi umsögn um þingsályktunartillögu um aukið gagnsæi og lýðræði í lífeyrissjóðum
- 03.04.2023 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um EES-samninginn (bókun 35)
- 03.04.2023 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um framlengingu skattfrjálsrar ráðstöfunar séreignarsparnaðar
- 04.04.2023 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um afnám stimpilgjalds af kaupum einstaklinga á íbúðarhúsnæði
- 04.04.2023 Fulltrúar samtakanna funda með fulltrúum PEP (People experiencing poverty)
- 04.04.2023 Fréttatíminn fjallar um ákall HH til fjármálastofnana um samfélagslega ábyrgð vegna vaxtahækkana
- 05.04.2023 Formaður HH í Morgunútvarpi Rásar 2 í viðtali um verðbólgu og viðbrögð við henni
- 05.04.2023 Varaformaður HH skrifar blogg færslu - *Meintar vinsældir verðtryggðra lána*
- 11.04.2023 HH senda umsögn í samráðsgátt um reglugerð um vinnslu upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust
- 11.04.2023 Heimildin fjallar um umsögn HH um frumvarp þingmanna Sjálfstæðisflokks um afnám stimpilgjalda
- 12.04.2023 HH halda opinn spjallfund fyrir félagsmenn um málefni heimilanna**
- 12.04.2023 Viðskiptablaðið heldur áfram umfjöllun sinni um HH - *Allt í kalda kolum en engin vanskil*

- 13.04.2023 Morgunblaðið birtir grein Ásthildar Lóu Þórsdóttur, formanns HH - *Einu sinni voru vextir yfir 6% okur*
- 13.04.2023 DV/Eyjan fjallar um grein formanns - *Einu sinni voru vextir yfir 6% okur*
- 14.04.2023 HH senda umsögn í samráðsgátt um stafræna málsmeðferð í fjárnáms- og nauðungarsölumálum
- 14.04.2023 HH senda umsögn í samráðsgátt um áform um slit og uppgjör ÍL-sjóðs
- 17.04.2023 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga
- 18.04.2023 Fulltrúi samtakanna sækir fund hjá EAPN - Samtökum um baráttu gegn fátækt
- 18.04.2023 Fyrirverandi ráðherra skrifar grein í Morgunblaðið og vísar í umsögn HH varðandi bókun 35 (EES)
- 19.04.2023 Ragnar Þór Ingólfsson í viðtali í Reykjavík síðdegis á Bylgjunni um fyrirhuguð mótmæli í samvinnu við HH
- 20.04.2023 Fréttatíminn fjallar um greinargerð HH um lánhæfismat Creditinfo
- 24.04.2023 Ráðgjafi Hagsmunasamtaka heimilanna fer á fund með þjónustustjóra fjártæknifyrirtækisins Aur
- 25.04.2023 Formenn HH, Samtaka leigjenda og VR funda um fyrirhuguð mótmæli 1. maí og síðar í maímánuði
- 27.04.2023 Fulltrúi HH sækir fund vinnuhóps um greiningu á þóknunum og gjalddöku viðskiptabankanna (10. fundur)
- 28.04.2023 RÚV fjallar um ummæli seðlabankastjóra og Ásthildar Lóu Þórsdóttur á opnum nefndarfundum á Alþingi
- 28.04.2023 Fulltrúar HH sækja fund umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um breytingar á meðlagsinnheimtu
- 28.04.2023 Samstöðin fjallar um pistil Ásthildar Lóu Þórsdóttur á FB síðu HH - *Ásthildur trúir ekki seðlabankastjóra*
- 01.05.2023 Hagsmunasamtök heimilanna taka þátt í kröfugöngu verkalýðsins með Samtökum leigjenda
- 03.05.2023 Stjórnarfundur HH nr. 5/2023**
- 03.05.2023 HH halda opinn spjallfund fyrir félagsmenn um málefni heimilanna**
- 03.05.2023 Fulltrúi HH sækir fund vinnuhóps um greiningu á þóknunum og gjalddöku viðskiptabankanna (skýrslugerð)
- 04.05.2023 Formaður stjórnar í viðtali í Reykjavík síðdegis á Bylgjunni um leigubremsu á leigumarkað
- 05.05.2023 Samstöðin fjallar um gagnrýni ÁLP á ummæli bankastjóra Landsbankans um hagnað bankanna
- 08.05.2023 Formaður HH hvetur til opinberra mótmæla á Facebook síðu HH með formanni VR
- 08.05.2023 Formaður VR hvetur til opinberra mótmæla á FB síðu HH - *RÍSUM UPP!*
- 08.05.2023 Mbl.is fjallar um fyrirhuguð mótmæli 13. maí - *Við getum ekki beðið*
- 08.05.2023 Mbl.is fjallar um fyrirhuguð mótmæli í frétt um gagnrýni á forsætisráðherra
- 10.05.2023 Formaður HH í viðtali í Íslandi í dag á Stöð 2 um verðtryggingu og skaðsemi hennar
- 11.05.2023 HH senda félagsmönnum tilkynningu um fyrirhuguð mótmæli á Austurvelli 13. maí
- 12.05.2023 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um breytingu á skipulagslögum varðandi hlutfall hagkvæmra íbúða
- 12.05.2023 Visir.is fjallar um viðhorf ÁLP til verðtryggðra lána - *Mesti skaðvaldurinn sem til er í íslensku efnahagskerfi*
- 13.05.2023 Fulltrúar HH mótmæla við Austurvöll með fána og spjöld - *RÍSUM UPP!*
- 13.05.2023 Formaður HH flytur ræðu á mótmælum við Austurvöll ásamt formönnum VR, Samtaka leigjenda og LEB
- 13.05.2023 RÚV fjallar um mótmælin á Austurvelli í kvöldfréttum sjónvarps
- 13.05.2023 Visir.is fjallar um mótmæli á Austurvelli með aðkomu Hagsmunasamtaka heimilanna
- 13.05.2023 Hádegisfréttir á Bylgjunni - *Í dag komi í ljós hvort fólk sé tilbúið að rísa upp*
- 13.05.2023 Mbl.is fjallar um mótmælin á Austurvelli 13. maí - *RÍSUM UPP!*
- 14.05.2023 Mbl.is birtir viðtal við formann VR um mótmælin og þátttöku HH og Samtaka leigjenda í þeim
- 15.05.2023 RUV.is vísar til umsagnar HH í umfjöllun um áform fjármála- og efnahagsráðherra um slit ÍL-sjóðs
- 20.05.2023 Morgunblaðið birtir aðsenda grein Ásthildar Lóu Þórsdóttur - *Grimmlegt ofbeldi seðlabankans*
- 20.05.2023 DV/Eyjan fjallar um aðsenda grein formanns stjórnar sem birtist í Morgunblaðinu 20. maí
- 22.05.2023 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um réttarstöðu leigjenda og leigubremsu

22.05.2023 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp til laga um rafrænar skuldaviðurkenningar

22.05.2023 Samstöðin fjallar um umsögn HH um frumvarp um réttarstöðu leigjenda og leigubremsu

22.05.2023 Fulltrúi HH sækir fund vinnuhóps um gjalddöku bankanna vegna vinnu að drögum að skýrslu hópsins

23.05.2023 Heimildin fjallar um gagnrýni alþingismanna á aðgerðaleyfi ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum (*ÁLP*)

24.05.2023 Formaður lýsir viðhorfi sínu til vaxtahækkunar seðlabankans á FB síðu Hagsmunasamtaka heimilanna

24.05.2023 Formaður HH í viðtali í Bítinu á Bylgjunni um ræðu sína á Alþingi um vaxtahækkunir og landráð

24.05.2023 Í kvöldfréttum RÚV er fjallað um umræðu á Alþingi um neyðarástand í efnahagsmálum (*ÁLP*)

24.05.2023 RÚV fjallar um óánægjuraddir af þinginu vegna vaxtahækkana - *Vilja neyðarfund um efnahagsmál (ÁLP)*

24.05.2023 Visir.is fjallar um viðbrögð Ásthildar Lóu Þórsdóttur og annarra á samfélagsmiðlum við stýrivaxtahækkun

24.05.2023 DV/Eyjan fjallar um viðbrögð við vaxtahækkunum í samfélaginu

25.05.2023 Ásthildur Lóa Þórsdóttir í viðtali í Síðdegisútlitum á Útvarpi Sögu um vaxtahækkunir Seðlabanka Íslands

26.05.2023 HH senda frá sér yfirlýsingu - *Heimilin geta staðið undir verðbólgunni en ekki vaxtahækkunum*

26.05.2023 Varaformaður HH í viðtali í hádegisfréttum RÚV vegna áhrifa vaxtahækkana á greiðslubyrði heimila

26.05.2023 Fulltrúar HH sækja fund umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um breytingu á skipulagslögum

27.05.2023 Frettin.is birtir yfirlýsingu HH - *Heimilin geta staðið undir verðbólgunni en ekki vaxtahækkunum*

31.05.2023 Formaður HH í viðtali í hádegisfréttum Bylgjunnar um vísbendingar um að heimili séu að ganga á sparnað

31.05.2023 Visir.is vitnar í formann HH í frétt - *Segir stjórnvöld fórná heimilum ítrekað fyrir bankana*

02.06.2023 Starfsmaður og ráðgjafi Hagsmunasamtaka heimilanna fundar með verkefnastjóra húsnæðishóps ÖBÍ

03.06.2023 Fyrrum stjórnarmaður HH fjallar um málefni samtakanna og þjóðfélagsmál í aðsendri grein á Visir.is

05.06.2023 Fulltrúi HH sækir fund vinnuhóps um gjalddöku bankanna um niðurstöður og tillögur hópsins

06.06.2023 Fulltrúar HH sækja fund EAPN - Samtaka gegn fátækt á Íslandi (European anti poverty network)

07.06.2023 RÚV tekur viðtal við formann Samtaka leigjenda og stjórnarmann í HH um leigumarkaðinn á Íslandi

08.06.2023 HH senda félagsmönnum tilkynningu um fyrirhuguð mótmæli á Austurvelli 10. júní

10.06.2023 Fulltrúar HH mótmæla á Austurvelli með fána og spjöld - *RÍSUM UPP!*

10.06.2023 Formaður HH flytur ræðu á mótmælum á Austurvelli ásamt, formönnum VR, Samtaka leigjenda og fleirum

10.06.2023 Í kvöldfréttum RÚV er fjallað um mótmælin og tekið viðtal við formann VR

10.06.2023 Samstöðin fjallar um fyrirhuguð mótmæli HH, Samtaka leigjenda og formanns VR

10.06.2023 Samstöðin fjallar um mótmælin á Austurvelli 10. júní og ræðu formanns ÖBÍ

10.06.2023 RUV.is fjallar um mótmælin 10. júní - *Mótmæla þar til stjórnvöld bregðast við*

12.06.2023 Fulltrúi HH sækir fund vinnuhóps um gjalddöku og arðsemi bankanna um niðurstöður og tillögur hópsins

14.06.2023 Innherji Morgunblaðsins gagnrýnir mótmælendur - *Ragnar ruglar á rökstólum*

14.06.2023 Stjórnarfundur HH nr. 6/2023

27.06.2023 RÚV fjallar um lögbrot Íslandsbanka og tekur viðtal við ráðherra og alþingismanninn ÁLP - *Sektin er of lág*

27.06.2023 Formaður stjórnar skrifar á FB síðu HH - *Hafa lögbrot afleiðingar? Ekki ef þú fremur þær í banka*

27.06.2023 Fréttatíminn fjallar um skrif Ásthildar Lóu Þórsdóttur á FB síðu samtakanna um Íslandsbankamálið

27.06.2023 HH senda frá sér yfirlýsingu - *Hagsmunasamtök heimilanna fordæma nauðungarsölu á heimili öryrkja*

28.06.2023 Mbl.is fjallar um fordæmingu Hagsmunasamtaka heimilanna á nauðungarsölu á heimili öryrkja

28.06.2023 Visir.is vitnar í fordæmingu Hagsmunasamtaka heimilanna á nauðungarsölu á heimili öryrkja

28.06.2023 Víkurfréttir fjalla um fordæmingu Hagsmunasamtaka heimilanna á nauðungarsölu á heimili öryrkja

28.06.2023 Vísað er til fordæmingar HH á nauðungarsölu á heimili öryrkja í umfjöllun Kastljóss um málið

- 28.06.2023 Visir.is fjallar um fund efnahags- og viðskiptanefndar um málefni Íslandsbanka og m.a. ummæli ÁLB
- 28.06.2023 Grein formanna HH og VR á Visir.is um Íslandsbanka, hrúnið o.fl. er mest lesin: *Sami skiturinn í finni skál*
- 29.06.2023 RÚV fjallar um viðtal við UMS og vísar m.a. í gagnrýni HH - *Það verður að breyta lögum um nauðungarsölu*
- 29.06.2023 Viðtal við formann HH í Morgunútvarpi Rásar 2 um Íslandsbanka, ómenningu og afleiðingar lögbrota
- 30.06.2023 Viðtal við varaformann HH í þættinum Neytendamál og stjórnsýsla á Útvarpi Sögu um nauðungarsölu o.fl.
- 03.07.2023 HH endurnýja þjónustusamning við Menningar- og viðskiptaráðuneytið fyrir árið 2023
- 10.07.2023 HH senda umsögn í samráðsgátt um áform um breytingar á lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga
- 14.07.2023 HH senda umsögn í samráðsgátt um drög að frumvarpi um Mannréttindastofnun Íslands
- 04.07.2023 Morgunblaðið birtir aðsenda grein Ásthildar Lóu Þórsdóttur - *Skaðleg rörsýn vaxtafíkla*
- 04.07.2023 Samstöðin fjallar um aðsenda grein formanns - *Seðlabankinn og ríkisstjórnin auðmjúkir þjónar bankakerfis*
- 07.08.2023 HH senda umsögn í samráðsgátt um áform um frumvarp um skýrari reglur um skammtímaleigu íbúða
- 15.08.2023 Ráðgjafi HH fundar með lögfræðingi Neytendasamtakanna um smálán, greiðsluerfiðleika o.fl.
- 16.08.2023 Stjórnarfundur HH nr. 7/2023**
- 18.08.2023 HH senda umsögn í samráðsgátt um áform um frumvarp um tímabindingu uppbyggingarheimilda
- 21.08.2023 HH senda umsögn í samráðsgátt um áform um frumvarp um breytingu á húsaleigulögum
- 21.08.2023 HH senda umsögn í samráðsgátt um drög að frumvarpi um breytingu á húsaleigulögum
- 22.08.2023 HH kynna nýuppfærða stefnuskrá stjórnar fyrir 2023-2024 á heimasíðu samtakanna
- 22.08.2023 Formaður stjórnar lýsir yfir stuðningi við frumkvæði VR um að hætta viðskiptum við Íslandsbanka á FB
- 23.08.2023 HH senda frá sér gagnrýna yfirlýsingu um vaxtahækkun SÍ - *Ekkert réttlætir sífelldar árársir heimilin*
- 23.08.2023 RÚV fjallar um fordæmingu Hagsmunasamtaka heimilanna á fjórtánu vaxtahækkun seðlabankans í röð
- 23.08.2023 Mbl.is fjallar um fordæmingu Hagsmunasamtaka heimilanna á fjórtánu vaxtahækkun seðlabankans í röð
- 23.08.2023 Visir.is vitnar í fordæmingu Hagsmunasamtaka heimilanna á fjórtánu vaxtahækkun seðlabankans í röð
- 23.08.2023 Frettin.is fjallar um fordæmingu Hagsmunasamtaka heimilanna á vaxtahækkun seðlabankans
- 23.08.2023 DV/Eyjan fjallar um fordæmingu Hagsmunasamtaka heimilanna á vaxtahækkun seðlabankans
- 23.08.2023 Mannlíf fjallar um fordæmingu Hagsmunasamtaka heimilanna á fjórtánu vaxtahækkun seðlabankans í röð
- 23.08.2023 Ráðgjafi HH í viðtali í kvöldfréttum Stöðvar 2 í tilefni af fjórtánu vaxtahækkun seðlabankans í röð
- 23.08.2023 Visir.is birtir umfjöllun byggða á viðtali við ráðgjafa HH í tilefni af fjórtánu vaxtahækkun seðlabankans í röð
- 23.08.2023 Mbl.is fjallar um viðtal við formann VR sem útilokar ekki mótmæli við vaxtahækkunni með HH og SL
- 24.08.2023 Útvarp Saga birtir fordæmingu Hagsmunasamtaka heimilanna á fjórtánu vaxtahækkun seðlabankans í röð
- 25.08.2023 Ráðgjafi HH í viðtali í Samfélaginu á Rás 1 um vaxtahækkanir og ráðgjafarþjónustu samtakanna
- 29.08.2023 Menningar- og viðskiptaráðuneytið tilkynnir útgáfu skýrslu um gjaldtöku og arðsemi bankanna
- 29.08.2023 Fulltrúi HH sækir blaðamannafund þar sem skýrslan um gjaldtöku og arðsemi bankanna er kynnt
- 29.08.2023 Heimildin birtir greiningu á niðurstöðum skýrslunnar um gjaldtöku og arðsemi bankanna
- 29.08.2023 Viðskiptablaðið fjallar um útgáfu skýrslu um gjaldtöku og arðsemi (en nefnir ekki aðkomu HH í inngangi)
- 31.08.2023 Fréttatíminn fjallar um skýrslu Menningar- og viðskiptaráðuneytisins og greinir frá aðild HH í vinnuhópinum
- 01.09.2023 Leiðarahöfundur Heimildarinnar fjallar um byrðina sem við berum af bönkunum og vitnar í baráttu HH
- 04.09.2023 Menningar- og viðskiptaráðherra þakkar vinnuhópi um gjaldtöku og aðsemi bankanna fyrir vel unnin störf
- 05.09.2023 HH senda umsögn í samráðsgátt um drög að húsnæðisstefnu og aðgerðaáætlun
- 06.09.2023 Formaður HH í viðtali í Reykjavík síðdegis á Bylgjunni um verðbólguna og matarverð á Íslandi
- 06.09.2023 Stjórnarfundur HH nr. 8/2023**

- 11.09.2023 Stjórn HH sendir frá sér ályktun í tilefni af útgáfu skýrslu um gjaldtöku og arðsemi bankanna
- 12.09.2023 Fulltrúar HH sækja kynningu á breytingum á lögum um greiðsluaðlögun í ráðuneyti félagsmála
- 13.09.2023 Formaður HH í viðtali á Útvarpi Sögu um fjárhagsvanda fólks í verðbólgunni og spillingu á Íslandi
- 14.09.2023 Útvarp Saga fjallar um viðtal stöðvarinnar við Ásthildi Lóu Þórsdóttir - *Gríðarleg spilling á Íslandi*
- 16.09.2023 Stjórnarmaður HH tekur þátt í pallborði um húsnæðismál á Fundi fólksins 2023
- 20.09.2023 Ráðgjafi HH fundar með Umboðsmanni skuldara Ástu S. Helgadóttur um stöðu lántakenda
- 20.09.2023 Stjórnarfundur HH - Aukafundur**
- 22.09.2023 Ráðgjafi HH í viðtali í kvöldfréttum RÚV um vaxtabyrði heimilanna og breytingar á milli lánaforma
- 25.09.2023 Formaður HH í viðtali í Bítinu á Bylgjunni um stöðu heimilanna og lántakenda - *Illvirki gegn heimilnum*
- 26.09.2023 Í kvöldfréttum RÚV er fjallað um gagnrýni ÁLP á Alþingi sem beindist að viðskiptaráðherra
- 28.09.2023 Í kvöldfréttum RÚV var fjallað um 94% hækkun greiðslna af rúmlega árgömlu láni félagsmanns HH
- 28.09.2023 RUV.is fjallar um frétt dagsins áður um 94% hækkun greiðslna af fasteignaláni (mest lesin þann dag)
- 29.09.2023 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um afnám stimpilgjalds af kaupum einstaklinga á íbúðarhúsnæði
- 30.09.2023 Morgunblaðið birtir aðsenda grein formanns HH - *Ekki heil brú í hagfræði seðlabankastjóra*
- 02.10.2023 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um breytingu á skipulagslögum varðandi hlutfall hagkvæmra íbúða
- 06.10.2023 Visir.is birtir aðsenda grein Ásthildar Lóu Þórsdóttur og Ragnars Þórs Ingólfssonar - *Bankaránið mikla*
- 07.10.2023 Félagsfundur HH í tilefni þess að 15 ár eru frá hruninu - Munum 15.000 heimili!**
- 09.10.2023 Formaður HH gagnrýnir heimildarmynd um hrúnið á FB síðu samtakanna - *Baráttan um Ísland*
- 10.10.2023 Miðjan fjallar um fyrirspurn ÁLP til forsætisráðherra um rannsókn á því þegar 15.000 misstu heimilin
- 11.10.2023 Stjórnarfundur HH nr. 9/2023**
- 12.10.2023 DV fjallar um gagnrýni HH á heimildarmynd um hrúnið - *Baráttan um Ísland*
- 13.10.2023 HH senda umsögn í samráðsgátt um drög að breytingum á lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga
- 16.10.2023 HH sækja um rekstrarstyrk frá Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu fyrir óháða ráðgjafarþjónustu
- 19.10.2023 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um lántökuskilyrði vegna íbúðafjárfestinga einstaklinga
- 19.10.2023 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um Mannréttindastofnun Íslands
- 19.10.2023 HH senda Alþingi umsögn um þingsályktunartillögu um 400.000 kr. skattleysismörk og lágmarkslífeyri
- 19.10.2023 HH senda umsögn í samráðsgátt um drög að frumvarpi um slit ógjaldfærra opinberra aðila
- 20.10.2023 Stjórn HH sendir frá sér yfirlýsingu vegna heimildamyndar um hrúnið - *Afneitun og hvítþvottur*
- 20.10.2023 Miðjan fjallar um yfirlýsingu HH - *Afneitun og hvítþvottur: Óþægilegum fórnarlömbum sópað undir teppið*
- 26.10.2023 Varaformaður HH veitir erlendum rannsakanda viðtal um afleiðingar efnahagshrunsins fyrir heimilin
- 26.10.2023 Samstöðin fjallar um spurningar ÁLP til seðlabankastjóra á fundi efnahags- og viðskiptanefndar
- 26.10.2023 Miðjan fjallar um spurningar ÁLP til seðlabankastjóra á fundi efnahags- og viðskiptanefndar
- 27.10.2023 Formaður HH í viðtali í Reykjavík síðdegis á Bylgjunni um áhrif vaxtahækkana á húsnæðislán
- 27.10.2023 Formaður HH í viðtali á Útvarpi Sögu um stöðu heimilanna og umræður á Alþingi
- 27.10.2023 Ráðgjafi HH í viðtali í kvöldfréttum Stöðvar 2 vegna hækkana á greiðslubyrði húsnæðislána
- 28.10.2023 Visir.is fjallar um viðtal við ráðgjafa HH - *Fjármálaafyrirtækin: „Fer eftir því hvaða ráðgjafa þú hittir á“*
- 30.10.2023 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um réttarstöðu leigjenda og leigubremsu
- 01.11.2023 Fulltrúar HH fylgjast með opunarerindi Þjóðarspeglis HÍ um tengsl fasteignalána og peningastefnu
- 02.11.2023 Fjallað um umsögn HH um áform um rafræna meðferð nauðungarsölumála í þætti á Útvarpi Sögu
- 06.11.2023 Formenn HH og VR skrifa grein á Vísi - *Við krefjumst uppsagnar seðlabankastjóra!*

- 06.11.2023 DV.is fjallar um grein formanna HH og VR - *Við krefjumst uppsagnar seðlabankastjóra!*
- 06.11.2023 Útvarp Saga fjallar um grein formanna HH og VR - *Við krefjumst uppsagnar seðlabankastjóra!*
- 06.11.2023 Formenn HH og VR í viðtali í Reykjavík síðdegis á Bylgjunni um hagstjórnarmistök seðlabankans
- 06.11.2023 Formenn VR og HH taka þátt í umræðum um húsnæðismál og stöðu heimilanna í Silfrinu á RÚV
- 07.11.2023 Formaður HH í viðtali í Síðdegisútvarpinu á Útvarpi Sögu um framgöngu seðlabankans í vaxtamálum
- 07.11.2023 Viðskiptablaðið fjallar um grein formanna HH og VR þar sem krafist var uppsagnar seðlabankastjóra
- 07.11.2023 Formenn HH og VR í umræðum við Rauða borðið á Samstöðinni - *Á að reka Ásgeir seðlabankastjóra?*
- 07.11.2023 HH gefa út frétt á vefsvæði sínu um umræðufund samtakanna *Heimilin í fyrsta sæti* og upptöku af honum
- 08.11.2023 Stjórnarfundur HH nr. 10/2023**
- 08.11.2023 Formaður HH í viðtali á Útvarpi Sögu - *Seðlabankastjóri reynir að kæla byggingargeirann*
- 08.11.2023 Morgunblaðið birtir grein íbúa í Reykjanesbæ sem vísar til baráttu HH - *Hvar erum við stödd kæra þjóð?*
- 09.11.2023 Krafist er uppsagnar Ásthildar Lóu Þórsdóttur og Ragnar Þórs Ingólfssonar í aðsendre grein á Visir.is
- 09.11.2023 Guðmundur Hrafn Arnbjörnsson stjórnarmaður í HH heldur erindi á málþingi Velferðarvaktarinnar
- 10.11.2023 Visir.is fjallar um viðhorfskönnun Maskínu á trausti til seðlabankastjóra og gagnrýni ÁLP og RPI
- 10.11.2023 Miðjan fjallar um lyklafrumvarp HH og Flokks fólksins og ræðu ÁLP á Alþingi
- 13.11.2023 Fjallað um kröfu formanna HH og VR um uppsögn seðlabankastjóra í aðsendum greinum á Visir.is
- 14.11.2023 Í kvöldfréttum RÚV er fjallað um ræðu ÁLP á Alþingi og ábyrgðarleysi bankanna gagnvart Grindvíkingum
- 14.11.2023 ÁLP heldur ræðu á þingi kvenleiðtoga um sína sýn á fjármálakerfið og íbúðarkaup almennings
- 15.11.2023 Heimildin fjallar um gagnrýna ræðu ÁLP og gagnrýni Grindvíkings á boði bankanna um frystingu lána
- 16.11.2023 Morgunblaðið birtir aðsenda grein Ásthildar Lóu Þórsdóttur - *Ekki snefill af samkennd*
- 17.11.2023 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um nauðungarsölu og eftirstöðvar (lyklafrumvarp)
- 17.11.2023 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um Menntasjóð námsmanna
- 20.11.2023 HH senda umsögn í samráðsgátt um stafræna málsmeðferð í fjárnáms- og nauðungarsölumálum
- 20.11.2023 HH senda umsögn í samráðsgátt um stafræna málsmeðferð fyrir dómstólum
- 21.11.2023 Hagsmunasamtök heimilanna senda frá sér fréttatilkynningu - *Mótmælum starfænum nauðungarsölum!*
- 21.11.2023 Útvarp Saga fjallar á vefsíðu sinni um tilkynningu HH þar sem stafrænum nauðungarsölum er mótmælt
- 22.11.2023 Hagsmunasamtök heimilanna eiga fund með Félags- og vinnumarkaðsráðherra um málefni lántakenda
- 24.11.2023 Formaður HH sendir sýslumanni opið bréf á Visir.is í tilefni af málarekstri hennar og eiginmanns
- 24.11.2023 DV/Eyjan fjallar um aðsenda grein formanns og opið bréf til sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu
- 24.11.2023 RÚV fjallar um málefni Grindvíkinga - *Af hverju skiptu bankarnir um kúrs gagnvart Grindavík?*
- 25.11.2023 Visir.is birtir grein stjórnarmanns HH (formanns Samtaka leigjenda) og formanns VR um leigumarkaðinn
- 29.11.2023 Formaður HH í viðtali í Bítinu á Bylgjunni um málarekstur gegn ríkinu vegna framferðis sýslumanns
- 29.11.2023 Visir.is fjallar um málareksturs formanns HH - *Höfðu ekki orku í að halda áfram fyrr en í upphafi árs*
- 04.12.2023 HH senda frá sér fréttatilkynningu - *Vegna uppfærslu á lánshæfismati Creditinfo*
- 04.12.2023 Visir.is fjallar um fréttatilkynningu HH - *Krefjast rannsókna á gerð lánshæfismats Creditinfo*
- 04.12.2023 Fréttatíminn fjallar um fréttatilkynningu HH - *Eftirlitslaust lánshæfismat Creditinfo*
- 04.12.2023 Útvarp Saga - *Skora á Persónuvernd að rannsaka framkvæmd lánshæfismats Creditinfo*
- 06.12.2023 Stjórnarfundur HH - Aukafundur**
- 07.12.2023 HH birta fræðsluefni á vefsíðu sinni um greiðslupak á óverðtryggtum íbúðalánum
- 11.12.2023 HH senda Alþingi umsögn um tillögu að húsnæðisstefnu til fimmtán ára og aðgerðaáætlun til fimm ára

- 11.12.2023 Visir.is birtir aðsenda grein Ásthildar Lóu Þórsdóttur - *Ofbeldi á ofbeldi ofan*
- 11.12.2023 DV fjallar um aðsenda grein ÁLP á Vísi - *Hann yrði að skulda 120 milljónir til að lenda í svipaðri stöðu*
- 05.12.2023 Fulltrúar HH funda með fulltrúum nýja sparisjóðsins Indó um lánamál heimilanna og vöruþróun Indó
- 10.01.2024 Stjórnarfundur HH nr. 1/2024**
- 11.01.2024 HH senda félagsmönnum fréttabréf - *Rétturinn til heimilis, fyrirspurnir og aðstoð, þátttaka í starfinu*
- 15.01.2024 Fimmtán ára afmæli Hagsmunasamtaka heimilanna - Stofnfundur samtakanna var 15. janúar 2009
- 17.01.2024 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um breytingar á lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga
- 17.01.2024 Fulltrúar HH sækja fund velferðarnefndar Alþingis um tillögur um húsnæðisstefnu fyrir árin 2024-2038
- 24.01.2024 Fulltrúar HH sækja fund velferðarnefndar Alþingis um breytingar á lögum um greiðsluaðlögun
- 25.01.2024 Morgunblaðið birtir aðsenda grein Ásthildar Lóu Þórsdóttur - *Er veruleikafirringin algjör?*
- 25.01.2024 DV fjallar um Morgunblaðsgrein Ásthildar Lóu Þórsdóttur - *Er veruleikafirringin algjör?*
- 31.01.2024 Stjórnarfundur HH nr. 2/2024**
- 06.02.2024 Visir.is birtir opið bréf formanns HH til peningastefnunefndar og seðlabankastjóra
- 06.02.2024 DV fjallar um opið bréf formanns HH til peningastefnunefndar og seðlabankastjóra
- 06.02.2024 Formaður HH í viðtali í Reykjavík síðdegis á Bylgjunni um opið bréf hennar og ákall um lækkun vaxta
- 07.02.2024 HH senda félagsmönnum fundarboð aðalfundar 2024 og birta á heimasíðu samtakanna
- 12.02.2024 **Ráðgjafi HH fer í viðtal vegna rannsóknar í tengslum við meistarverkefni um skammtímalán**
- 13.02.2024 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um breytingu á ýmsum lögum til að bæta stöðu námsmanna
- 13.02.2024 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um styrkingu á réttarúrræðum vegna umhverfismála
- 13.02.2024 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um tímabundnar uppbyggingarheimildir í skipulagslögum
- 13.02.2024 Samstöðin fjallar um gagnrýni ÁLP á málflutning seðlabankastjóra um málefni lántakenda á nefndarfundum
- 16.02.2024 Fulltrúar HH taka við styrk frá Félagsmálaráðuneytinu á viðburði fyrir styrkþega á Hótel Natura
- 16.02.2024 Formaður HH kynnir ráðgjafarþjónustu samtakanna á viðburði Félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins
- 16.02.2024 Fulltrúar HH funda með forstjóra Fangelsismálastofnunar um málefni fanga og ráðgjafarþjónustu HH
- 22.02.2024 Aðalfundur Hagsmunasamtaka heimilanna 2024**

ÁRSREIKNINGUR 2023

- fyrir aðalfund 22. febrúar 2024

Hagsmunasamtök Heimilanna

-Stöndum vörð um heimilin sem grunnstoð samfélagsins



www.heimilin.is - heimilin@heimilin.is

Ársreikningur 2023
Hagsmunasamtök heimilanna
kt. 520209-2120

Ársreikningur 2023

Hagsmunasamtök heimilanna

kt. 520209-2120

Efnisyfirlit:

Áritun bókhaldsstofu.....	3
Áritun stjórnar og skoðunarmanna.....	4
Rekstrarreikningur.....	5
Efnahagsreikningur.....	6-7
Skýringar.....	8
Sundurliðanir með ársreikningi.....	9-10

Áritun bókhaldsstofu

Til stjórnar í Hagsmunasamtökum heimilanna:

Undirritaður hefur aðstoðað við að semja ársreikning fyrir Hagsmunasamtök heimilanna, vegna ársins 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrar- og efnahagsreikning ásamt sundurliðun, skýringum sem og samanburð við fyrra ár. Ársreikningurinn er síðan hluti af starfsskýrslu stjórnar til félagsmanna.

Reikningurinn er byggður á bókhaldi samtakanna og öðrum upplýsingum. Ársreikningurinn er í samræmi við lög, samþykktir samtakanna og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Skv. 6. grein samþykpta samtakanna er starfsár og reikningsár almanaksárið. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn samtakanna og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur.

Við ársreikningagerðina var leitast við að leiða fram með glöggum hætti rekstur og efnahag samtakanna og við þá vinnu voru framkvæmdar þær skoðanir á bókhaldi og uppgjörum fyrri ára sem talið var nauðsynlegt. Jafnframt var bókhald, staða bankareikninga, uppgjör á ógreiddum kostnaði og launatengdum gjöldum skoðað í byrjun árs 2024 og stemmt af, til að sannreyna áramótastöður ársreikningsins.

Vísað er í skýringar og sundurliðanir varðandi einstaka liði uppgjörins.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og allar upplýsingar sem mér eru kunnar og ég tel skipta máli koma þar fram.

Akureyri, 22. janúar 2024,

Jón bókari slf., bókhaldsþjónusta,


Jón Helgi Óskarsson,
viðurkenndur bókari.

Áritun stjórnar og skoðunarmanna

Undirritun stjórnar Hagsmunasamtaka heimilanna

Stjórnarmenn Hagsmunasamtaka heimilanna, kjörnir á aðalfundi 23. febrúar 2023, staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2023, með undirritun sinni.

Vísað er til skýrslu stjórnar um liðið starfsár, sem fylgir með ársreikningi þessum til aðalfundar.

Reykjavík, 22. janúar 2024,
í stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna starfsárið 2023 til 2024:




Ásthildur Lóa Þórsdóttir,
formaður,




Guðmundur Ásgeirsson,
varaformaður,



Sigríður Örlygsdóttir,
gjaldkeri,



Guðrún Bryndís Harðardóttir,
ritari,



Guðmundur Hrafn Arngrímsson,
meðstjórnandi.

Undirritun kjörinna skoðunarmanna Hagsmunasamtaka heimilanna

Skoðunarmenn Hagsmunasamtaka heimilanna, kjörnir á aðalfundi 23. febrúar 2023, undirrita hér með án athugasemda ársreikning samtakanna fyrir rekstrarárið 2023.

Reykjavík, 22. janúar 2024,



Sigríður Gerður Hallgrímsdóttir,
skoðunarmaður,



Baldur Garðarsson,
skoðunarmaður.

Rekstrarreikningur

	Skýr.	2023	2022
Tekjur:			
Félagsgjöld	7	8.619.100	8.589.700
Framlög og styrkir	8	6.024.000	4.105.470
Sérstök fjáröflun	9	80.700	408.700
Málskostnaðarstyrkir	10	38.000	50.000
Tekjur af útseldri þjónustu	11	0	0
		14.761.800	13.153.870
 Gjöld:			
Aðkeypt vinna til endursölu	13	0	0
Aðkeypt vinna vegna fjáröflunar	14	0	0
Þjónustugjöld banka og kortafyrirtækis vegna fjáröflunar		10.198	3.440
Bankakostnaður v/innheimtu félagsgjalda		624.159	31.655
Laun og launatengd gjöld	6/17	15.822.324	8.517.546
Málskostnaðarstyrkir (veittir)	16	0	0
Lögfræðikostnaður	18	0	447.875
Málskostnaður / dæmdur málskostnaður		0	1.100.000
Þýðingar		0	0
Auglýsingar		0	130.939
Húsaleiga og húsnæðiskostnaður		1.237.726	1.584.798
Árgjöld til samstarfsfélaga	15	30.000	55.000
Annar rekstrarkostnaður	19	2.540.979	845.483
		20.265.386	12.716.736
 Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur		1.125.049	434.225
Vaxtagjöld og önnur fjármagnsgjöld	20	(36.197)	(22.928)
		1.088.852	411.297
 Skattar- og gjöld:			
Álagður fjármagnstekjuskattur v/vaxta fyrra árs	5	(95.529)	(13.826)
Uppgjör eldri fjármagnstekjuskatts v/vaxta	5	0	25
 Rekstrarafgangur (tap) ársins		(4.510.263)	834.630

Efnahagsreikningur

	Skýr.	2023	2022
Eignir			
Fastafjármunir:			
		<u>0</u>	<u>0</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Tryggingafé vegna húsaleigu		0	211.000
		<u>0</u>	<u>211.000</u>
Fastafjármunir og áhættufjármunir alls		<u>0</u>	<u>211.000</u>
Veltufjármunir:			
Fyrirframgreiddur fjármagnstekjuskattur	5	39.923	95.532
Útistandandi kröfur og aðrar skammtímakröfur	3/5	0	94.000
Bankainnstæður í lok uppgjörstímabils	4/21	16.945.785	21.635.029
Veltufjármunir alls		<u>16.985.708</u>	<u>21.824.561</u>
Eignir samtals		<u>16.985.708</u>	<u>22.035.561</u>

pr. 31. desember

	Skýr.	2023	2022
Skuldir og handbært fé			
Handbært fé:			
Óráðstafað handbært fé félagssjóðs		9.811.263	13.379.281
Óráðstafað handbært fé málskostnaðarsjóðs	4	831.572	746.128
Óráðstafað handbært fé fjárflyunarsjóðs	4	5.336.112	6.363.801
Óráðstafað handbært fé alls		<u>15.978.947</u>	<u>20.489.210</u>
Skammtímaskuldir:			
Ógreiddur kostnaður		412.385	341.096
Ógreidd laun og launatengd gjöld	6/17	594.376	655.255
Aðrar skammtímaskuldir	5	0	550.000
Skammtímaskuldir alls		<u>1.006.761</u>	<u>1.546.351</u>
Skuldir alls		<u>1.006.761</u>	<u>1.546.351</u>
Skuldir og óráðstafað handbært fé samtals		<u><u>16.985.708</u></u>	<u><u>22.035.561</u></u>

Skýringar

Reikningsskilaaðgerðir

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Einstakir liðir rekstrar og efnahags eru sundurliðaðir hér fyrir aftan en aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir:

Fastafjármunir og áhættufjármunir

2. Félagið lagði út kr. 211.000 fyrir tryggingu vegna húsaleigu á árinu 2021, en fékk hana endurgreidda 2023.

Skammtímakröfur

3. Meðal skammtímakrafna í árslok er að finna kröfu vegna fyrirframgreiðslu skatta. (sjá skýringu nr. 5)

Handbært fé

4. Greining á handbæru fé: Heildar óráðstafað handbært fé í árslok 2023 nemur kr. 15.978.947.

	Óráðstafað handbært fé	Samanburður við fyrra ár
Óráðstafað handbært fé, yfirfært f.f. ári	20.489.210	19.654.580
Rekstrarafgangur (tap) ársins	-4.510.263	834.630
	<u>15.978.947</u>	<u>20.489.210</u>

Þar af greinist fjáröflunarreikningur með eftirfandi hætti

	Sundurliðun	Árið 2022
Staða fjáröflunar, yfirfærð frá fyrra ári	6.363.801	6.551.928
Framlag til félagssjóðs	-1.500.000	0
Innborganir frá styrktaraðilum	80.700	408.700
Bankakostnaður v. innheimtu	-10.198	-3.440
Uppgerð skuld við/krafa á félagssjóð f.f. ári	0	-171.844
Dæmdur málskostnaður	0	-550.000
Innvextir	417.313	164.690
Greiddur fjármagnstekjuskattur	-15.504	-36.233
	<u>5.336.112</u>	<u>6.363.801</u>
Annað óuppgert við félagssjóð	0	0
Óráðstafað fé fjáröflunarsjóðs:	<u>5.336.112</u>	<u>6.363.801</u>

Þar af greinist málskostnaðarsjóður með eftirfarandi hætti:

	Sundurliðun	Árið 2022
Málskostnaðarsjóður, yfirfært frá fyrra ári	751.028	276.987
Framlag úr félagssjóði	0	800.000
Innborgaðir styrkir	38.000	50.000
Innb. þjónustutækna (skuld við félagssjóð)	0	4.900
Endurgreidd skuld við félagssjóð f.f. ári	-4.900	0
Innvextir bankareiknings	49.238	18.749
Greiddur fjármagnstekjuskattur	-1.794	-4.125
Greiddur lögfræðikostnaður	0	-395.483
Staða málskostnaðarsjóðs skv. banka í árslok:	<u>831.572</u>	<u>751.028</u>
Annað óuppgert við félagssjóð	0	-4.900
Óráðstafað fé málskostnaðarsjóðs:	<u>831.572</u>	<u>746.128</u>

Skattamál

5. Fyrirframgreiddur fjármagnstekjuskattur kr. 39.923, mun ganga upp í álagningu skattsins pr. 1. nóv. 2024. Sparisjóðnum láðist að innheimta fjármagnstekjuskatt af vöxtum meginhluta ársins 2023. Við álagningu skatta 2024 mun því koma til greiðslu eftirá álagningar fjármagnstekjuskatts.

Starfsmannamál

6. Allt árið 2023 voru tveir starfsmenn á launaskrá hjá samtökunum. Samtals 1,5 stöðugildi. Stjórnarstörf eru ólaunuð samanber 9. grein samþykktar samtakanna. Um laun og launatengd gjöld vísast að öðru leyti til sundurliðana með ársreikningi.

Sundurliðanir með ársreikningi

	Skýr.	2023	2022
7. Félagsgjöld:			
Félagsgjöld, 2023 @4.900 (1688 greiðslur)		8.271.200	0
Félagsgjöld, 2022 @4.900 (66+1694 greiðslur) alls 1.761		323.400	8.305.500
Félagsgjöld, 2021 @4.900 (5/59/1825 greiðslur) alls 1.889		24.500	289.100
Félagsgjöld, 2020 @4.900 (0/1939+2 millifærslur)		0	0
Félagsgjöld, 2020 @4.900 (0/2 aukagreiðslur) alls 1.943		0	0
Endurgreidd og afskrifuð félagsgjöld		0	(4.900)
Félagsgjöld alls:		8.619.100	8.589.700
8. Framlög og styrkir:			
Framlög frá einstaklingum		24.000	5.470
Framlög frá ríkissjóði		6.000.000	4.100.000
Framlög frá sveitarfélögum		0	0
Framlög frá stéttarfélögum		0	0
Framlög frá öðrum aðilum (lögaðilum)		0	0
Framlög og styrkir alls:		6.024.000	4.105.470
9. Sérstök fjáröflun (bakhjarlar HH):			
Fjáröflun frá einstaklingum		80.700	408.700
Fjáröflun frá lögaðilum		0	0
Fjáröflun með boðgreiðslum		0	0
Fjáröflun alls:	4	80.700	408.700
10. Málskostnaðarstyrkir:			
Málskostnaðarstyrkir frá einstaklingum		38.000	50.000
Málskostnaðarstyrkir frá öðrum		0	0
Málskostnaðarstyrkir alls:	4	38.000	50.000
11. Tekjur af útseldri þjónustu:			
Þjónustutekjur vegna endurútreikninga		0	0
Tekjur af útseldri þjónustu alls:		0	0
12. Aðrar tekjur:			
Niðurfelldar eldri skuldir við lánardrottna		0	0
Aðrar tekjur alls:		0	0
13. Aðkeypt vinna til endursölu:			
Aðkeypt vinna án vsk		0	0
Aðkeypt vinna til endursölu alls:		0	0
14. Aðkeypt vinna vegna fjáröflun:			
Aðkeypt vinna við fjáröflun án vsk		0	0
Aðkeypt bókhaldsvinna við fjáröflun v/fyrri árs		0	0
Aðkeypt bókhaldsvinna við fjáröflun		0	0
Aðkeypt vinna við fjáröflun alls:		0	0
15. Árgjöld til samstarfsaðila:			
Árgjald til EAPN		30.000	55.000
Árgjöld til samstarfsaðila alls:		30.000	55.000
16. Málskostnaðarstyrkir vegna félagsmanna:			
Styrkir út fjáröflunarsjóði til félagsmanna:		0	0
Styrkir úr fjáröflunarsjóði alls:		0	0

Sundurliðanir með ársreikningi

	Skýr.	2023	2022
17. Laun og launatengd gjöld:			
Laun		12.928.404	6.973.046
Launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður		2.893.920	1.544.500
Laun og launatengd gjöld alls:	6	15.822.324	8.517.546
18. Lögfræðikostnaður:			
Lögfræðikostnaður greiddur úr málskostnaðarsjóði		0	0
Lögfræðikostnaður greiddur úr félagssjóði		0	447.875
Lögfræðikostnaður ógreiddur í árslok		0	0
Lögfræðikostnaður greiddur úr fjáröflunarsjóði		0	0
Lögfræðikostnaður alls:		0	447.875
19. Annar rekstrarkostnaður:			
Gjaldfærð áhöld og tæki		251.481	0
Viðhald tækja og hugbúnaðar		0	17.990
Aðkeyptur akstur og annar bifreiðakostnaður		0	0
Símakostnaður		33.839	27.330
Burðargjöld		0	2.370
Pappír, prentun og ritföng		45.175	29.281
Ferðakostnaður		0	30.385
Þjónusta og rekstur tölvukerfis og heimasíðu		98.006	85.258
Neytendatorg, vinna við hönnun vefsíðu		348.244	92.194
Bókhaldsaðstoð, reikningsskil og uppgjör		430.400	486.455
Fundir og félagsstarf, þ.m.t. fréttabréf		1.333.834	74.220
Félagsstarf og annar rekstrarkostnaður alls:		2.540.979	845.483
20. Vextir og fjármagnsgjöld:			
Ýmis vaxtagjöld		(33.747)	(19.518)
Þjónustugjöld banka og greiðslukorta		(2.450)	(3.410)
Vextir og önnur fjármagnsgjöld alls:		(36.197)	(22.928)
21. Handbært fé:			
Bankareikningar félagssjóðs hjá Sparisjóði S-Þingeyinga		10.778.101	14.520.200
Fjáröflunarreikningar hjá Sparisjóði S-Þingeyinga	4	5.336.112	6.363.801
Málskostnaðarreikningur hjá Sparisjóði S-Þingeyinga	4	831.572	751.028
Handbært fé alls:		16.945.785	21.635.029

SAMÞYKKTIR 2023

- fyrir aðalfund 22. febrúar 2024

Hagsmunasamtök Heimilanna

-Stöndum vörð um heimilin sem grunnstoð samfélagsins



www.heimilin.is - heimilin@heimilin.is

Eftirfarandi samþykktir voru samþykktar með breytingum á aðalfundi Hagsmunasamtaka heimilanna 27. apríl. 2010, 31. maí 2012, 15. maí 2014, 21. maí 2015, 30. maí 2017, 20. febrúar 2018, 25. febrúar 2020, 23. febrúar 2021, 23. febrúar 2022 og 23. febrúar 2023. Þær eiga uppruna sinn að rekja til stofnsamþykktta samtakanna frá 15. janúar 2009 með þeim breytingum sem samþykktar voru á aðalfundi 2009.

1. gr. Heiti, varnarþing og félagssvæði

- Samtökin heita Hagsmunasamtök heimilanna fta., skammstafað HH.
- Heimili samtakanna, skrifstofa og varnarþing er í Reykjavík.
- Félagssvæði samtakanna nær til alls landsins.
- Samtökin starfa samkvæmt lögum nr. 110/2021 um félög til almannaheilla.

2. gr. Forsendur

- Samtökin eru frjáls og óháð stjórn málaflokkum og öðrum hagsmunaaðilum.
- Samtökin starfa á lýðræðislegum grunni með það að leiðarljósi að félagar hafi jafnan rétt til áhrifa.
- Þar sem ákvæði þessara samþykkt segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga nr. 110/2021 um félög til almannaheilla, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

3. gr. Tilgangur

- Samtökin eru vettvangur fyrir fólkið í landinu til að verja og bæta hagsmuni heimilanna í landinu.
- Samtökin eru málsvari og talsmaður félagsmanna í umræðu um hagsmuni heimilanna til skemmri og lengri tíma.
- Samtökin koma fram fyrir hönd félagsmanna og neytenda á fjármálamarkaði í hverskyns hagsmunamálum, svo sem varðandi löggjöf, framkvæmd hennar og í dómsmálum eða hverjum öðrum málferlum er snerta réttindi þeirra.

4. gr. Markmið

- Markmið samtakanna er að beita sér fyrir lagabreytingum og / eða lagasetningum til varnar og hagsbóta fyrir heimilin í landinu.
- Markmið samtakanna er að stuðla að leiðréttingu veðlána heimilanna vegna brota gegn réttindum neytenda eða forsendubrests, jafna ábyrgð milli lántaka og lánveitenda, bæta réttarstöðu neytenda í lánaviðskiptum og stuðla að réttlátum og sanngjörnum lánskjörum fyrir neytendur.
- Markmið samtakanna er að efla vitund neytenda um réttarstöðu sína og samtakamátt.
- Samtökin vinna að tilgangi sínum og markmiðum eftir öllum lögmætum leiðum og með réttmætum samtakamætti. Í því skyni geta samtökin höfðað dómsmál eða leitað annarra réttarúrræða til að vernda heildarhagsmuni neytenda og stutt neytendur í fordæmisgefandi málum.
- Samtökin geta unnið að tilgangi sínum og markmiðum með aðild að og þátttöku í starfsemi félagasambanda sem hafa samrýmanlegan tilgang og markmið.

5. gr. Aðild og úrsögn

- Aðild að samtökunum er einstaklingsbundin og miðast við að lágmarki 18 ára aldur.
- Umsókn um aðild skal vera skrifleg, til dæmis með rafrænni skráningu á heimasíðu samtakanna, fyllt út á félagsfundi og/eða með öðrum skriflegum sannanlegum hætti. Sama á við um úrsögn úr samtökunum.

6. gr. Aðalfundur

- Starfsár og reikningsár félagsins er almanaksárið.
- Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum samtakanna. Aðalfundur skal halda fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert. Rétt til setu á aðalfundi eiga allir félagsmenn samtakanna. Boða skal til aðalfundar með tölvupósti og opinberri tilkynningu á heimasíðu samtakanna, www.heimilin.is, með minnst 14 daga fyrirvara. Fundargögn skulu vera aðgengileg félagsmönnum minnst 3 dögum fyrir fund. Stjórn er heimilt að verða við óskum félagsmanna um fundarboðun með pósti greiði viðkomandi félagsmaður sendingarkostnað sem hlýst af fundarboðun.
- Framboð til stjórnar skal berast eigi síðar en 7 dögum fyrir aðalfund. Hafi ekki borist nægur fjöldi framboða innan þess frests skal fundarstjóri óska eftir framboðum á aðalfundi.
- Dagskrá aðalfundar skal vera eftirfarandi:
 1. Skýrsla stjórnar
 2. Reikningar félagsins
 3. Lagabreytingar
 4. Kosning stjórnar
 5. Kosning varamanna
 6. Kosning skoðunarmanna
 7. Önnur mál
- Aðalfundur telst löglegur sé rétt til hans boðað. Stjórn er heimilt að bjóða öðrum áheyrn með fundarsetu.
- Á aðalfundi skal stjórn gefa skýrslu ársins um starf og árangur samtakanna.
- Ársreikning skal staðfesta með áritun meirihluta aðalstjórnar að minnsta kosti. Formaður og gjaldkeri skulu ávallt staðfesta ársreikning með áritun sinni. Ársreikning skal leggja fyrir á aðalfundi.
- Heimilt er að halda fundi með rafrænum hætti. Þá er heimilt að atkvæðagreiðsla fari fram með rafrænum hætti.
- Stjórn er heimilt að boða til aukaaðalfundar ef fyrir liggja brýn málefni sem ekki geta beðið reglulegs aðalfundar, eða ef 20% félagsmanna fara fram á slíka boðun með tillögu um dagskrá.

7. gr. Almennir félagsfundir og vinnufundir

- Félagsfundir skulu haldnir svo oft sem stjórn samtakanna telur ástæðu til. Boða skal til félagsfundar með að lágmarki þriggja daga fyrirvara.
- Stjórn skal ætíð boða til félagsfundar innan 14 daga komi fram ósk um það frá meirihluta stjórnarmanna eða 20% félagsmanna.
- Vinnufundir skulu kynntir á heimasíðu félagsins.

8. gr. Afgreiðsla mála

- Á aðalfundum og öðrum félagsfundum ræður einfaldur meirihluti greiddra atkvæða nema annað sé tekið fram í samþykktum þessum. Komi fram ósk um skriflega atkvæðagreiðslu skal orðið við því.
- Heimilt er að atkvæðagreiðsla fari fram með rafrænum hætti. Þá er heimilt að hafa opið fyrir atkvæðagreiðslu í allt að þrjú daga frá lokum fundar.
- Heimilt er stjórn að efna til atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna um málefni án þess að fyrst

hafi verið boðað til fundar nema samþykktir kveði á um annað.

9. gr. Stjórn

- Stjórn samtakanna skal skipuð 5 aðalmönnum og 3-5 til vara, sem kosnir skulu á aðalfundi samtakanna. Stjórnin kýs sér formann, varaformann, ritara og gjaldkera á fyrsta stjórnarfundum að loknum aðalfundi. Firma félagsins ritar meirihluti stjórnar.
- Stjórnarstörf eru ólaunuð, en heimilt er að greiða fyrir útlagðan kostnað vegna rekstrar samtakanna. Þrátt fyrir það getur stjórnarmaður til jafns við aðra gefið kost á sér til verkefna, sem stjórn ákveður að stofna til og kaupa þjónustu fyrir gegn eðlilegu og sanngjörnu endurgjaldi, enda hafi atkvæði hans ekki ráðið úrslitum um þá ákvörðun. Skal hann þá jafnframt víkja sæti við allar frekari ákvarðanir stjórnar um verkefnið. Gera skal skriflegan þjónustusamning um hvert verkefni, sem innihaldi skýra verklýsingu og upplýsingar um alla kostnaðarskiptingu verkefnisins milli verkkaupa og verksala.
- Stjórnin skal koma saman til fundar að minnsta kosti mánaðarlega og skal hún halda fundargerðir. Að öðru leyti kveður stjórnarmaður stjórnina til fundar, þegar honum þykir þörf og skylt er honum að boða til fundar í stjórninni þegar tveir stjórnarmenn óska þess.
- Stjórnarmenn skulu boða forföll, komist þeir ekki á stjórnarfund. Nú sækir aðalmaður ekki stjórnarfundum um tveggja mánaða skeið. Fyrirgerir hann sér þá sæti sínu í stjórn, nema um lögmæta ástæðu sé að ræða, tekur sæti síðasta manns í varastjórn og fyrsti varamaður tekur sæti í stjórn í hans stað.

10. gr. Verkefni stjórnar

- Stjórn samtakanna fer með æðsta vald í málefnum þeirra milli aðalfunda. Hún undirbýr aðalfund og aðra félagsfundum. Formaður boðar til stjórnarfundum með sannanlegum hætti. Stjórnarfundir eru lögmætir ef 4 eða fleiri stjórnarmenn eða varamenn þeirra eru mættir.
- Við afgreiðslu mála á stjórnarfundum fer hver stjórnarmaður með eitt atkvæði og ræður einfaldur meirihluti atkvæða. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns fundarins. Varamaður hefur aðeins tillögurétt á stjórnarfundum nema hann leysi af stjórnarmann.
- Stjórn semur stefnuskrá hvers starfsárs. Stjórn skal hafa yfirumsjón með daglegri starfsemi samtakanna eða ræður sérstakan aðila til þess og til sértækra verkefna.
- Stjórn setur nefndum samtakanna reglur þar sem fram kemur hlutverk nefndanna.
- Fastráðnir starfsmenn samtakanna skulu ekki samhliða gegna trúnaðarstörfum fyrir stjórnsmálasamtök.
- Í samþykktum þessum eru stjórnsmálasamtök skilgreind sem flokkar eða samtök sem bjóða fram í kosningum til Alþingis eða sveitarstjórna. Trúnaðarstörf fyrir stjórnsmálasamtök eru störf í stjórnnum, ráðum og nefndum og önnur sambærileg störf á vegum eða í þágu stjórnsmálasamtaka. Formlegir talsmenn stjórnsmálasamtaka, frambjóðendur þeirra, starfsmenn og kjörnir fulltrúar teljast einnig gegna trúnaðarstörfum fyrir stjórnsmálasamtök.

11. gr. Staðbundnar deildir og nefndir

- Félagsmönnum er heimilt að stofna staðbundnar deildir sem starfa sjálfstætt á ákveðnum svæðum landsins, en þó eftir samþykktum og stefnuskrá samtakanna.
- Innan samtakanna starfa málefna nefndir sem annast upplýsingaöflun, greiningu, úrvinnslu og málefnauppbyggingu einstakra málefna samkvæmt stefnuskrá.
- Stjórn skipar formenn nefnda.

- Stjórn hefur heimild til að skipta út formönnum nefnda ef þurfa þykir.
- Aðeins félagsmenn geta verið nefndarmenn. Nefndarmönnum er þó heimilt að leita sér sérfræðiaðstoðar og álits utan samtakanna.
- Nefndarstörf eru ólaunuð.

12. gr. Fjármál

- Stjórn ber fram tillögur um félagsgjöld til samþykktar á aðalfundi. Félagsmenn bera ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum félagsins nema með félagsgjaldi sínu.
- Gjaldkera er heimilt með fyrirfram samþykki stjórnar að endurgreiða stjórnarmönnum eða nefndarmönnum sannanlega útlagðan kostnað vegna sérstakra verkefna í þágu félagsins.
- Stjórn er heimilt að stofna til kostnaðar innan fjárhagsramma samtakanna vegna daglegs reksturs, fundahalda og aðkeyptrar sérfræðiaðstoðar.
- Samtökunum er heimilt að taka við frjálsum fjárframlögum frá öðrum en stjórnaráflokki / hreyfingum og fjármálastofnunum. Fjárframlög veita fjárveitanda ekki rétt til ítaka eða áhrifa í samtökunum. Samtökunum er heimilt að sækja um styrki í opinbera sjóði.
- Berist samtökunum frjáls fjárframlög er stjórn heimilt, innan fjárframlaga, að stofna til kostnaðar vegna húsnæðisleigu vegna aðalfunda og almennra félagsfunda og aðkeyptrar sérfræðiaðstoðar, þjónustu eða vöru.
- Á aðalfundi skal kjósa tvo skoðunarmenn úr hópi félagsmanna.

13. gr. Breytingar

- Samþykktum þessum verður ekki breytt nema breytingatillaga hafi verið rædd á aðalfundi og að minnsta kosti 2/3 fundarmanna séu samþykkir tillögunni. Fyrirhuguð breyting skal kynnt í fundarboði og liggja fyrir í fundargögnum.

14. gr. Slit

- Samtökunum verður aðeins slitið með samþykki eftir umræðu á löglega boðuðum aðalfundi.
- Geta skal sérstaklega tillögu um félagsslit í fundarboði. Tillagan telst samþykkt, ef 2/3 hlutar fullgildra félagsmanna eru á aðalfundi og 2/3 fundarmanna greiða tillögunni atkvæði sitt. Ef ekki eru nægilega margir félagsmenn á fundinum, skal boða til aukaaðalfundar innan mánaðar. Við boðun þess fundar skal þess sérstaklega getið, að fyrir fundinum muni liggja tillaga um félagsslit. Á aukaaðalfundi þarf tillagan stuðning 4/5 hluta atkvæðisbærra mætttra félaga til að hljóta samþykki óháð mætingu.
- Heimilt er að atkvæðagreiðsla fari fram með rafrænum hætti.
- Verði samtökunum slitið, skal eignum þeirra ráðstafað til almannaheillafélags eða -félaga sem starfa að neytendamálum eða til stuðnings við fólk í fjárhagserfiðleikum. Með almannaheillafélögum er átt við lögaðila sem uppfylla skilyrði skráningar á almannaheillaskrá samkvæmt lögum um tekjuskatt eða almannaheillafélagaskrá samkvæmt lögum um félög til almannaheilla.

Þannig samþykkt á aðalfundi félagsins í Reykjavík, 23. febrúar 2023.

FRAMBJÓÐENDUR TIL STJÓRNAR 2024

Framboð til aðalstjórnar:

- Ásthildur Lóa Þórsdóttir
- Guðmundur Ásgeirsson
- Guðmundur Hrafn Arngrímsson
- Guðrún Bryndís Harðardóttir
- Sigríður Örlygsdóttir

Framboð til varastjórnar:

- Björn Kristjánsson Kolbrúnarson
- Hafþór Ólafsson
- Ólöf Pálína Úlfarsdóttir
- Ragnar Unnarsson
- Vilhjálmur Bjarnason

TILNEFNING SKOÐUNARMANNA

Tveir félagsmenn hafa gefið kost á sér til að vera skoðunarmenn reikninga:

- Baldur Garðarsson
- Sigfríð Gerður Hallgrímsdóttir

